

Bragi Bergsson  
Herborg Árnadóttir  
Jóna Símonía Bjarnadóttir

# Ísafjörður - Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni

## Húsakönnun



Ísafjörður 2022



Bragi Bergsson  
Herborg Árnadóttir  
Jóna Símonía Bjarnadóttir

# Ísafjörður – Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni.

Húsakönnun

Unnið að beiðni Ísafjarðarbæjar í samstarfi við Alta.

Ábyrgðarmaður: Bragi Bergsson sagnfræðingur.

Bragi Bergsson  
Herborg Árnadóttir  
Jóna Símonía Bjarnadóttir

Mynd á forsíðu: Snúrur og rifs í bakgarðinum við Skipagötu 11. Mynd: Bragi Bergsson 2020.

©

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli .....	2
1    Saga svæðisins.....	4
1.1    Staðhættir og örnefni .....	5
1.2    Sögulegt yfirlit byggðarinnar á svæðinu fram á 20. öld. ....	6
1.3    Sérkenni og þróun byggðarinnar á Eyrinni.....	11
1.4    Samhengi byggðarinnar á Eyrinni .....	16
1.4.1    Kaupstaðir.....	16
1.4.2    Timburhús.....	19
1.4.3    Aðalstræti og Silfurgata .....	21
1.4.4    Funkishús .....	24
1.5    Staða reitsins í skipulagi.....	26
1.6    Húsakönnun .....	29
1.6.1    Varðveislumat fyrir hús og mannvirki.....	29
1.6.2    Varðveislumat fyrir Neðstakaupstað .....	31
1.6.3    Varðveislumat fyrir byggðina á Eyrinni sem afmarkast af Aðalstræti, Fjarðarstræti, Sundstræti og Skipagötu. ....	33
1.6.4    Húsaskrá Ísafjarðar fyrir Neðstakaupstað og elstu byggðina á Eyrinni....	35
Heimildaskrá.....	163

## Formáli

Á árunum 1992-1993 var unnin húsakönnun fyrir Eyrina á Ísafirði fyrir Húsafriðunarnefnd ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins og Bæjarstjórn Ísafjarðar. Skýrsluhöfundar voru Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur og Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt.

Árið 2018 fékk Ísafjarðarbær styrk úr Húsafriðunarsjóði til þess að vinna tillögu um að Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni á Ísafirði yrðu gerð að *verndarsvæði í byggð*, á grundvelli laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Ein af forsendum þeirrar vinnu var að gera uppfærslu á áður gerðri húsakönnun.

Sveitarfélagið skipaði stýrihóp til þess að vinna að framangreindri tillöguggerð og uppfærslu húsakönnunarinnar. Ráðgjafafyrirtækið Alta var fengið til þess að stýra vinnunni við gerð tillögunnar um verndarsvæði. Jóna Símonía Bjarnadóttir og Elísabet Gunnardóttir tóku að sér að uppfærslu húsakönnunarinnar. Í júní 2020 hafði ekki náðst að vinna að uppfærslu húsakönnunarinnar og var Bragi Bergsson sagnfræðingur fenginn til þess að leiða þá vinnu. Við móton tillögunnar og uppfærslu húsakönnunarinnar unnu Bragi og Herborg Árnadóttir hjá Alta, að textaskrifum og kortagerð sem nýtast bæði í tillögunni og í húsakönnuninni. Drífa Árnadóttir hjá Alta vann síðar að uppfærslu og breytingum á kortunum sem birtast í húsakönnuninni. Helga Þuriður Magnúsdóttir verkefnastjóri hjá Ísafjarðarbæ veitti einnig ómælda aðstoð, enda hafði hún að miklu leyti undirbúið uppfærslu húsakönnunarinnar á sínum tíma. Þá hefur starfsfólk skjalasafnsins og ljósmyndasafnsins með Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur í broddi fylkingar, lagt sitt af mörkum með heimildaöflun og ábendingum.

Svæðið sem uppfærsla húsakönnunarinnar nær til afmarkast af Aðalstræti í vestri, Fjarðarstræti í norðri, Sundstræti í austri og Skipagötu í suðri. Einnig eru húsin í Neðstakaupstað hluti af könnuninni. Fjöldi húsa á umræddu svæði er um 127 talsins. Bragi skilaði drögum að húsaskráningu til Minjastofnunar í byrjun maí 2021. Í kjölfar þess að Minjastofnun samþykkti þau drög var haldið áfram með tillöguggerð að verndarsvæði í byggð og samþykkti Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar að auglýsa vinnslutillögu að *Verndarsvæði í byggð* í nóvember 2021.

Í september árið 2021 tók Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður byggðasafns Ísafjarðar að sér í samstarfi við Braga, að bæta við frekari sögulegum upplýsingum um húsin og afla gamalla mynda af húsunum þar sem þær vantaði. Bragi hafði áður farið í gegnum skjöl byggingarfulltrúa til að afla frumheimilda um sögu húsanna. Fyrir mörg húsanna eru því miður ekki að finna yfirgripsmiklar heimildir, hvort sem um er að ræða hjá byggingarfulltrúa,

á byggðasafni eða á skjalasafni Ísafjarðar. Því hefur einnig verið stuðst við munnlegar heimildir og minni einstakra aðila s.s. eins og Jónu Símoníu, Helgu Þuríðar og Áslaugar Jensdóttur.

Til einföldunar má segja að húsakönnun samanstandi af tveimur hlutum. Annars vegar **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins. Hins vegar hin eiginlega **húsakönnun** eða **húsaskrá** og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunalegrar gerðar húss og tæknilegs ástands þess. Út frá mati á þessum þáttum eru færð rök fyrir varðveislugildi hvers húss.

Febrúar 2022  
Bragi Bergsson, sagnfræðingur.

# 1 Saga svæðisins

Svæðin sem hér eru til umfjöllunar eru annars vegar Neðstikaupstaður á Suðurtanga og hins vegar elsta byggðin á Eyrinni.



Mynd 1. Afmörkun svæðanna með brotalínu sem tekin eru fyrir í þessari húsakönnun.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Kort unnið af Alta.

## 1.1 Staðhættir og örnefni

Skutulsfjörður er vestasti og stysti fjörðurinn sem gengur til suðurs úr Ísafjarðardjúpi. Við Skutulsfjörð standur kaupstaðurinn Ísafjörður, áður nefndur Skutulsfjarðareyri. Fjörðurinn er girtur háum og bröttum fjöllum á báðar hliðar, Eyrarfjall að vestan og Ernir að austan. Fyrir botni fjarðarins er sérkennilegt fell sem gengur undir nafninu Kubbi. Nær miðum firði, undir Eyrarfjalli, gengur fram bugðumynduð malareyri. Innan hennar er Pollurinn, ein besta höfn landsins frá náttúrunnar hendi, en norðan eyrarinnar heitir Prestabugt. Á milli eyrarinnar og fjallsins Ernis er mjó læna og gengur hún í daglegu tali undir nafninu Sundin. Undirlendi er lítið í firðinum og utan eyrarinnar er það helst að finna í döllum er ganga inn frá firðinum. Í Tungudal er útvistarsvæði og sumarbústaðahverfi Ísfirðinga. Á Seljalandsdal er skíðasvæði Ísfirðinga. Í Engidal er mest samfellt undirlendi. Austanvert inn af botni Skutulsfjarðar er flugvöllur.<sup>2</sup>

Eyrin í Skutulsfirði er ýmist nefnd Skutulsfjarðareyri, Ísafjörður eða Ísafjarðareyri og stundum bara kölluð *Eyrin*. Syðsti hluti eyrarinnar er kallaður Suðurtangi og norðurhornið Norðurtangi. Stór hluti eyrarinnar er í dag manngerð landfylling og einu upprunalegu fjöruna er að finna á vestanverðum Suðurtanga hjá Bárðarslipp sem var færður yfir Pollinn um miðja 20. öldina.

Ólafur Ólafsson (Olavíus) sem var á ferð í Skutulsfirði á því herrans ári 1780, komst svo að orði um Skutulsfjörð í ferðabók sinni:

En það, sem mest er um vert í firði þessum, auk hafnarinnar, er Eyrin, þar sem verzlunarhúsin standa, sem virðist lofa góðu um, að þar geti risið kaupstaður með tímanum. ... Grundvöllurinn er þéttur, sléttur og traustur, auk þess sem þar er rúmgott. Umhverfið er þurr og heilnæmt og útsýnið viðfelldið. Þaðan er hægt að stunda útræði allt eða mestallt árið, þar í kring eru hagar fyrir kýr og kindur að vísu ekki víðlendir, en nægjanlegir. Ágætt landrými er þar fyrir kálgarða. Mótekja er þar í sveitinni ekki langt í burtu. Vatn er fáanlegt þar í grennd, bæði til heimilisnota, ef grafnir eru brunnar með forsjá, og fyrir þófaramyllur og annars konar slíkan rekstur. Auk þessa liggur staðurinn vel við innanhéraðsverzlun, þar sem hann er næstum því í miðju héraði og í alfararleið. Létt er að gera þar varnir með stauravirkjun, því að staðurinn er að mestu innluktur af náttúrunnar hendi. Höfnin er örugg, innsiglingin hrein skiplaegi skammt þar fyrir utan. Í stuttu máli sagt hef ég ekki séð nokkurn stað á landinu, jafnvel ekki sjálfan Eyjarfjörð, sem þolir samanburð við þennan stað, ef um slíkar framkvæmdir væri að ræða.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.


<sup>3</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

## 1.2 Sögulegt yfirlit byggðarinnar á svæðinu fram á 20. öld.

Landnáma nefnir two landnámsmenn í Skutulsfirði. Helga Hrólffson og Þórólf brækir, Ekki er vitað hvar í firðinum þeir settust að, en mjög líklegt verður að telja að Helgi hafi sest að á eyrinni en meira vafamál er um Þórólf. Menn hafa þó leitt líkum að því að hann hafi reist sér bæ í botni fjarðarins, e.t.v. Kirkjuból.

Heimildir um sögu Skutulsfjarðar fram að 18. öld eru fáar og brotakenndar. Við vitum þó að Skutulsfirðingar, eins og aðrir Vestfirðingar sóttu lífsbjörgina í hafið þar sem skilyrði til landbúnaðar á Vestfjörðum voru mjög takmörkuð. Dýrustu jarðir í Skutulsfirði gátu þannig rétt svo talist meðaljarðir á landsvísu.

Ekki virðist benda til annars en að Vestfirðingar almennt hafi komist sæmilega af á miðöldum. Um miðja 16. öld varð sú breyting á að Skutulsfjörður varð miðstöð í Ísafjarðardjúpi með tilkomu kaupskapar á eyrinni, en áður höfðu kaupmenn haft aðsetur hér og þar, m.a. í Jökulfjörðum og í Álfafirði. 17. og 18. öldin reyndust Íslendingum þungar í skauti. Árferði var slæmt um allt land, farsóttir herjuðu á fólk og hungursneyð vofði yfir. Árið 1649 mun t.d. nær hálft annað hundrað manna hafa látt vegna drepsóttar í Ísafjarðarsýslu, ef marka má orð Vatnsfjarðarannáls.<sup>4</sup>



Mynd 2. Hluti af uppdrætti Björgvinarmanna af Skutulsfirði árið 1789.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

<sup>5</sup> Skjalasafn Ísafjarðar.

Um miðja 16 öld virðist sem Hansakaupmenn hafi haft einhvers konar bækistöðvar á eyrinni við Skutulsfjörð en fyrsta heimildin sem teljast verður örugg er frá árinu 1569. Um er að ræða vitnisburðarskjal í máli Árna Gíslasonar og Magnúsar Jónssonar prúða. Um verslun á eyrinni fram að einokun árið 1602 er lítið vitað. Með tilkomu einokunar var verslunarhöfnum skipt milli kaupmanna og kom Ísafjarðarverslunin í hlut kaupmanna frá Kaupmannahöfn. Árið 1620 tók íslenska verslunarfélagið við versluninni en í samþykktum þess var talað um að meta bæri hús kaupmannsins og búðir, sem bendir til þess að einhverjar byggingar hafi staðið á eyrinni en um þær er ekki vitað meira. Árið 1774 var kominn vísir að þéttbýli á Skutulsfjarðareyri (nú *Neðstikaupstaður*) en þá stóðu þar 7 hús, þar af 3-4 íbúðarhús. Eitt húsanna, beykisstofa, telst gamalt í virðingargerð frá því ári og hefur því verið eldra en Tjöruhúsið (1734). Ekkert er frekar vitað um það hús, en brátt bættust fleiri hús í hópinn.

Árið 1788 var einokuninni formlega aflétt og ný lög um verslun á Íslandi innleidd. Samkvæmt þeim skyldu stofnaðir 6 kaupstaðir í landinu og var Ísafjörður einn þeirra. Þann 24. apríl árið 1787 var mælt fyrir lóð kaupstaðarins, 400.725 ferálnir að flatarmáli. Hún náði yfir alla eyrina frá Suðurtanga að Prestabugt en takmarkaðist að ofanverðu 96 álnum fyrir neðan neðsta fjárhús prestsetursins. Premur árum síðar keypti konungur lóðina af Eyrarkirkju. Í kjölfar nýju verslunarlaganna hófu Björgvinjarmenn verslun á Ísafirði og reistu alls 8 hús í *Hæstakaupstað* (til aðgreiningar frá Neðstakaupstað) á árunum 1788-1791. Einungis eitt þessara húsa stendur enn og er mikið breytt, sjá mynd nr. 3 hér að neðan.<sup>6</sup>



Mynd 3. Hæstikaupstaður og saltþurrkun um 1900. Elsta húsið sem enn stendur er Hæstakaupstaðarhúsið, lengst til hægri á myndinni.<sup>7</sup>

<sup>6</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

<sup>7</sup> Ljósmyndasafn Ísafjarðar.

Árið 1816 hófu Sönderborgarkaupmenn verslunarrekstur í Miðkaupstað og reistu þar tvö hús, annað þeirra stendur enn (Aðalstræti 12). Sama ár var Ísafjörður gerður að úthöfn frá Grundafirði en árið 1836 varð hann löggiltur verslunarstaður. Það var svo árið 1866 að Ísafjörður öðlaðist kaupstaðarréttindi að nýju.



Mynd 4. Salfiskþurrkun á eyrinni, húsin í Neðstakaupstað sjást fyrir miðri mynd.<sup>8</sup>

Bærinn byggist smátt og smátt út frá verslunarkjörnunum þremur. Árið 1816 voru 18 hús á eyrinni fyrir utan prestssetrið, allt verslunarhús, en íbúarnir 23. Árið 1813 reisti Halldór Jónsson snikkari sér hús í Norðurtanganum og er hann fyrsti íbúinn, sem ekki tengist verslununum með beinum hætti. Árið 1863 voru starfandi fimm verslanir í bænum, íbúðarhúsin voru orðinu 20 og íbúarnir um 214 talsins. Bærinn óx hratt og um aldamótin 1900 var hann orðinn þriðji stærsti kaupstaður landsins. Á árunum 1880 til 1910 voru miklir uppgangstímar á Ísafirði. Verslanir ráku þilskipaútgerð og þar liggja rætur vélbátaútgerðar landsins. Fólk fluttist til Ísafjarðar til að framfleyta sér og sínum á mölinni (malareyrinni), enda næga vinnu að fá. Meðal þeirra sem sáu fram á bjarta tíð voru iðnaðarmenn því

---

<sup>8</sup> Ljósmyndasafn Ísafjarðar.

fjölmargir þeirra settust að í bænum og áhrifa þeirra gætir m.a. í húsagerð. Mörg hinna stóru glæsilegu timburhúsa bæjarins eru frá þessum tíma.<sup>9</sup>

Fjármagn jókst til muna með tilkomu Íslandsbanka og Landsbanka árið 1904 og ekki má gleyma þætti Edinborgarverslunar sem hóf starfsemi á Ísafirði skömmu eftir aldamótin. Hún varð fyrsta verslunin til þess að stunda peningaverslun í stað vöruskipta. Nýir tímar hófust í verslunarrekstri um aldamótin þegar verslunum fjölgaði á Ísafirði og samkeppni harðnaði. Svo fór að árið 1918 voru tvær stærstu verslanirnar, Ásgeirsverslun og Hæstakaupstaðarverslun seldar, og Hinar Sameinuðu íslensku verslanir hófu rekstur sem þó lifði ekki nema til ársins 1926.

Þó svo að Ísafjörður félleí skuggann af Reykjavík árið 1910, vegna vaxandi togaraútgerðar þar, urðu framfarir í atvinnumálum í kaupstaðnum og byggð voru íshús og síldarplón. En síldarkrakkið 1919 og erfiðleikar 3. áratugarins léku Ísfirðinga grátt, eins og aðra landsmenn. Útgerðarfélög hættu rekstri og bátar voru seldir úr bænum. Atvinnuleysi blasti við íbúunum, svo bæjarfélagið beitti sér fyrir stofnun samvinnufélags Ísfirðinga árið 1929. Það var stærsta útgerðarfélagið í bænum fram yfir 1945 og hjá því starfaði fjöldi bæjarbúa.<sup>10</sup>

Í eftirfarandi lista er stiklað á stóru í sögu Ísafjarðar fram til ársins 1940.

- 874 – Talið er að annar landnámsmanna er námu land í Skutulsfirði hafi sest að á eyrinni.
- 1000 – Kristnitaka á Íslandi. Talið er að kirkja hafi staðið á Eyri allt frá þeim tíma.
- 1569 – Fyrsta vísbending um verslun á Skutulsfjarðareyri.
- 1602 – Upphof einokunarverslunar.
- 1765 – Verslun á Ísafirði hefst allt árið.
- 1787 – Lóð kaupstaðarins mæld út.
  - Antonmenn hefja verslun í Neðstakaupstað
- 1788 – Einokun aflétt og staðurinn fær kaupstaðarréttindi.
  - Björgvinjarmenn hefja verslunarrekstur í Hæstakaupstað.
- 1800 – Saltfiskur orðinn helsta útflutningsvara ísfísku verslananna og farinn að setja svip á bæinn á sumrin.
- 1816 – Sönderborgarmenn hefja verslun í Miðkaupstað. Ísafjörður missir kaupstaðarréttindi sín og er gerður að úthöfn.
- 1831 – Jens Benedictsen hefur þilskipaútgerð.
- 1836 – Ísafjörður verður löggildur verslunarstaður.
- 1852 – Ásgeir Ásgeirsson hefur fasta verslun.
  - Sjómannaskóli hefst á Ísafirði.
- 1862 – Ólögformleg bæjarstjórn stofnuð.
- 1863 – Byggingu Ísafjarðarkirkju lokið.
- 1866 – Ísafjörður endurheimtir kaupstaðarréttindi sín.

<sup>9</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

<sup>10</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

- 1870 – Kaup á Eyrarlandi.
- 1875 – Sparisjóður Ísafjarðar tekur til starfa.
- 1883 – Ásgeirsverslun kaupir Sassverslun í Neðstakaupstað.
- 1888 – Kaupfélag Ísfirðinga, hið elsta, stofnað.
- 1889 – Fyrsta símalögн á Íslandi (lagður sími úr Neðstakaupstað í Miðkaupstað).
- 1892 – Upphof Skúlamála.
- 1894 – Gufuskip Ásgeirsverslunar kemur til Ísafjarðar.
- 1896 – Fyrsta íshúsið.
- 1901 – Vatnsveita fyrir bæinn.
- 1902 – Fyrsti Vélbáturinn, Stanley.
- 1903 – Edinborgarverslun hefur starfsemi.
- 1904 – Útibú Landsbanka Íslands.  
Útibú Íslandsbanka.  
Vélaverkstæði J.H. Jessen.
- 1905 – Fyrsti vélknúni þilfarsbáturinn.
- 1907 – Niðursuðuverksmiðjan Ísland tekur til starfa.
- 1913 – Fyrsti togari Ísfirðinga kemur til heimahafnar.
- 1915 – Síldarsöltun hefst (Syre).
- 1916 – Dráttarbraut Ísafjarðar hf.
- 1917 – Endalok Edinborgarverslunar.
- 1918 – Hinna Sameinuðu Íslenzku Verzlanir kaupa Ásgeirsverslun.
- 1919 – Síldarkrakkið.
- 1920 – Kaupfélag Ísfirðinga (hið þriðja).
- 1921 – Díselrafstöð  
Skipabrautin á Torfnesi
- 1923 – Tilraunaveiðar O.G. Syre og Símonar Olsen á rækju.  
Ísafjarðarkaupstaður kaupir Hæstakaupstaðareignirnar (þ.á.m. Riistún)
- 1924 – Græðir hf.
- 1925 – Togarinn Hafsteinn.  
Togarafélag Ísfirðinga stofnað og eignast togarann Hávarð Ísfirðing.  
Hf Smjörlíkjagerð Ísafjarðar.
- 1926 – Endalok Hinna Sameinuðu Ísl. Verslana
- 1927 – Staðfesting á fyrsta skipulagsupprætti af bænum.  
Ísafjarðarkaupstaður kaupir Neðstakaupstað.  
Seljalandsbúið hefur starfsemi.  
Stofnun Samvinnufélags Ísfirðinga.
- 1934 – Útgerðarfélagið Huginn hf.  
Byggingafélag verkamannabústaða.
- 1935 – Bátabryggjan í Mjósundum.
- 1936 – Sameining íshúsþélags Ísfirðinga, Jökuls og Glámu.  
Skipasmíðastöð Marzelíusar.  
Rækjuverksmiðja ísafjarðar.
- 1937 – Netagerðarverkstæði á Grænagarði.  
Raforkuverið í Engidal.
- 1938 – Útgerðarfélagið Muninn hf.  
Útgerðarfélagið Njörður hf.
- 1943 – Norðurtanginn hóf starfsemi.<sup>11</sup>


---

<sup>11</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

### 1.3 Sérkenni og þróun byggðarinnar á Eyrinni

Kaupstaðirnir þrír; Neðstikaupstaður (1765), Miðkaupstaður (1816) og Hæstikaupstaður (1788), hafa frá því að þeir voru stofnaðir haft mikil áhrif á uppbyggingu og útlit byggðarinnar á eyrinni. Á milli þeirra lá vegur sem í dag er af grunnum til Aðalstræti. Þetta má m.a. sjá á mynd nr. 7 hér að neðan.

Landrými hefur alltaf verið af skornum skammti og þess vegna er byggðin á eyrinni þétt. Stórir skikar voru fráteknir fyrir tún og til útbreiðslu á fiski og þar af leiðandi var farið sparlega með byggingarlandið. Þannig hafði mikilvægi saltfisksins bein áhrif á þróun byggðarinnar allt fram á 20. öld, því taka þurfti frá pláss fyrir fiskþurrkunarreiti. Mest áberandi dæmið um þetta er svæðið suðaustan við Hæstakaupstað (Riistún) sem var óbyggt fram á fjórða áratug tuttugustu aldar. Þetta sést t.d. vel á mynd nr. 5 hér að neðan.



Mynd 5. Hluti af korti danskra landmælingamanna af Ísafirði árið 1913. Riistún merkt númer 29.<sup>12</sup>

12 Skjalasafn Ísafjarðar.

Þegar fyrsti skipulagsuppdrátturinn var gerður fyrir bæinn á þriðja áratug tuttugustu aldar voru sömu forsendur enn fyrir hendi, þ.e. lítið byggingarland og stórir skikar fráteknir fyrir útbreiðslu á fiski. Skipulagið gerði ráð fyrir sambyggðum húsalengjum og þéttri byggð, líkt og sést á mynd nr. 6 hér að neðan.<sup>13</sup>




Mynd 6. Hluti af skipulagsuppdrætti Ísafjarðar frá árinu 1927<sup>14</sup>

<sup>13</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

<sup>14</sup> Skjalasafn Ísafjarðar.

Þessar fyrirhuguðu sambyggðu húsalengjur gerðu ráð fyrir niðurri fið flestra eldri húsa bæjarins. Þetta gekk þó aldrei eftir nema að hluta til. Segja má að þetta fyrsta skipulag hafi haft mest áhrif á hluta miðbæjarins s.s. Silfurtorg, Hafnarstræti og neðsta hluta Aðalstrætis, en þessi svæði eru að mestu byggð eftir skipulaginu.<sup>15</sup> Hins vegar þegar á heildina er litið hafði skipulagið í raun ótrúlega lítil áhrif á meginþorra byggðarinnar á Eyrinni og þar standa enn þá mörg hús sem skipulagið gerði ráð fyrir að myndu víkja fyrir nýrri byggð. Guðmundur Hannesson læknir var einn af skipulagshöfundunum og hafði nýlega gefið út ritið *Um skipulag bæja*. Þar gagnrýndi hann margt við þáverandi bæjarbyggð á Íslandi, þar á meðal Ísafjörð, s.s. að byggðin væri of handahófskennd og sundurlaus.<sup>16</sup> En eins og áður sagði þá gekk þetta ekki eftir, að einhverju leyti vegna kreppuáranna, en mögulega líka vegna andstöðu bæjarbúa við skipulagið í heild sinni, sem verður ekki farið nánar yfir hér.

Austan megin við Miðbæinn er að finna elsta þéttbýliskjarnann í bænum, þ.e. timburhúsin sem standa við Brunngötu, Smiðjugötu, Tangagötu, Sundstræti (vestan megin), Silfurgötu, Þvergötu og Skipagötu. Flest þeirra húsa sem standa við þessar götur í dag eru byggð á seinni hluta 19. aldar og fram á byrjun 20. aldar, sjá mynd nr. 8 hér að neðan.



Mynd 7. Kort úr húsakönnuninni frá 1993, sem sýnir kaupstaðina þrjá og tenginguna á milli þeirra.<sup>17</sup>

<sup>15</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

<sup>16</sup> Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2016.

<sup>17</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.



Mynd 8. Kort úr húsakönnuninni frá 1993, sem sýnir elstu byggðina á Eyrinni.<sup>18</sup>

Árið 1923 festi Ísafjarðarkaupstaður kaup á fiskverkunarsvæðinu (Riistúni) við Hæstakaupstað sem fram að því hafði skapað stórt gat í byggðinni. Næstu two áratugina á eftir voru byggðar stórar steinsteypubyggingar á svæðinu, meðfram Austurvegi og Fjarðarstræti, auk þess sem almenningsgarðurinn Austurvöllur var byggður upp. Þó að þessar stóru byggingar við Austurveg hafi strangt til tekið ekki fylgt skipulaginu frá 1927 má segja að þær séu í svipuðum stíl og gert var ráð fyrir. Fyrstur reis Gagnfræðaskólinn árið 1939 og Grundargötublokkin svokallaða árið eftir. Síðar bættist við Sundhöllin árið 1945 og svo Húsmæðraskólinn Ósk árið 1948. Öll eru þessi hús í funkisstíl og múrhúduð með skeljasandi eða steinmulningi líkt og tíðkaðist á þessum árum. Þessi hús eru áberandi í umhverfinu og mynda samstæða heild, ásamt íbúðarhúsinu við Austurveg 7. Gagnfræðaskólinn hefur nú verið tengdur barnaskólanum með tengibyggingu frá níunda áratugnum.<sup>19</sup>

Um miðja tuttugustu öldina fór að fara meira fyrir áhrifum umferðaverkfræði í skipulagi. Bílaöldin tók við og gatnakerfi bæja, útfærsla gatna og tilhögun bygginga fóru að taka mið af því. Því fylgdi dreifðari byggð og meiri aðgreining gatna og byggðar.<sup>20</sup> Segja má að gamla byggðin innan verndarsvæðisins á Eyrinni hafi orðið fyrir ótrúlega litlum áhrifum af


<sup>18</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

<sup>19</sup> Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993.

<sup>20</sup> Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2016.

þessum breyttu áherslum. Nokkrar nýrri byggingar bættust við á landfyllingum umhverfis eldri byggðina sem gerði það að verkum að hús sem áður stóðu alveg úti í fjöru voru slitin frá sjónum. Þrátt fyrir að fjöldi gamalla timburhúsa á Eyrinni sé mikill, þá hafa mörg húsanna verið rifin og slíkt hefur jafnvel átt sér stað á síðustu árum. Mest við Brunngötu og hluta Tangagötu, en algengt er að bílastæði séu í dag þar sem áður stóðu hús.

Landslag eyrarinnar sjálfrar hefur tekið miklum breytingum og stórfelldar landfyllingar hafa bæst við með nýju hafnarsvæði og rými fyrir stórar byggingar og bílastæði. Þetta má glögglega sjá þegar bornar eru saman strandlínur Ísafjarðar árið 1913 og árið 2021. Pollgata hefur bæst við og umbreytt landslagi Pollsins þar sem litlu bryggjurnar hafa vikið fyrir breiðri akbraut á landfyllingu. Svipuð braut var fyrirhuguð norðan eyrarinnar í lok 20. aldar en fallið var frá því í núgildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.



Mynd 9. Kort sem sýnir strandlínur Eyrarinnar árið 1913 og 2021.

Bláu svæðin sýna þau svæði sem eru tekin fyrir í þessari húsakönnun.<sup>21</sup>

<sup>21</sup> Kort unnið af Alta.

## 1.4 Samhengi byggðarinnar á Eyrinni

Svipmót byggðarinnar innan verndarsvæðisins er samofið fyrstu þéttbýlismyndun á Íslandi þar sem byggingastílar eru fyrst innfluttir og svo aðlagaðir íslenskum aðstæðum smátt og smátt. Þegar horft er á byggðina út frá byggingarstíl og samhengi innan verndarsvæðisins má skipta henni gróflega í fjóra flokka.

- Í fyrsta lagi er um að ræða **byggð sem tengist kaupstöðunum þremur** sem eru *fæðingarstaðir* Ísafjarðar og skarta m.a. einum af elstu húsum landsins.
- Í öðru lagi eru **látlaus íbúðarhús frá timburhúsaöld** og götumyndir sem endurspeglar svipmót fyrstu þéttbýlismyndunar á Íslandi.
- Í þriðja lagi eru **byggingarheildir við gömlu aðalgöturnar**, Aðalstræti og Silfurgötu. Þar sem götur eru rammaðar inn af veglegum byggingum og hýsa oft einhvers konar starfsemi.
- Í fjórða lagi er **samstæð heild steinsteypuhúsa** sem endurspeglar hina *íslensku funkisstefnu* sem setur svip sinn á þéttbýli á Íslandi á eftirstíðsárunum.

### 1.4.1 Kaupstaðir

Á svæðunum sem tilheyrðu kaupstöðunum þremur, Neðstakaupstað, Miðkaupstað og Hæstakaupstað er að finna ein elstu timburhús landsins. Þetta eru hús með sterkum skandinavískum áhrifum enda mörg byggð af frumkvæði kaupmanna frá Danmörku og Noregi. Í Neðstakaupstað hefur varðveist heildstæðasta þyrring danskra verslunarhúsa frá 18. öld á landinu öllu. Á þessum tímum einokunarverslunar voru húsin flutt tilsníðin frá Danmörku og reist af dönskum smiðum. Húsin eru jafnframt dæmi um þrjár helstu formgerðir timburhúsa frá þessum tíma, grindarhús, bolhús og stokkahús. Elsta húsið er Krambúðin (byggingarár óljóst milli 1757 og 1760), sem er hefðbundið tilsníðið danskt grindarhús. Faktorshúsið (1765) er upphaflega af bolhúsagerð en sú gerð var mest notuð fyrir íbúðarhús kaupmanna. Tjöruhúsið (1781) og Turnhúsið (1785) eru bæði svokölluð stokkahús.<sup>22</sup>

Allar þessar gerðir tilheyra þeim danska húsagerðastíl sem var ríkjandi á upphafsárum þéttbýlismyndunar, um 1750-1840. Dönsku húsin voru einlyft með háu risi, knappri vegghæð, stóðu á lágum steinsettum sökkli og höfðu inngang á miðri framhlið. Þau voru bikuð að utan með hvítum gluggum, oft með hlerum fyrir og frágangur þeirra var grófur og án skrauts.

---

<sup>22</sup> Hörður Ágústsson, 2000 og Guðmundur L. Hafsteinsson, á.á.

Í Hæstakaupstað hefur bara eitt hús varðveist frá upphafi verslunar Björgvinjarmanna þar, Hæstakaupstaðarhúsið við Aðalstræti 42 (1788), sem er einlyft stokkbyggt timburhús.<sup>23</sup> Þar er einnig hús Sölubúðarinnar (1855) við Aðalstræti 37 sem er tvílyft hús með bindingsverki, byggt á grunni eldra húss og er hluti af heildinni í Hæstakaupstað. Bæði húsin hafa verið gerð upp í upprunalegum stíl. Þriðja húsið í heildinni Norðurvegur 2 (1875) og til ársins 1992 stóð einnig eldra hús við Fjarðarstræti 21 sem var rifið.



Mynd 10. Kort sem sýnir byggingarheildirnar fjórar á svæðinu.<sup>24</sup>

<sup>23</sup> Minjastofnun Íslands, á.a.

<sup>24</sup> Kort unnið af Alta.

Í Miðkaupstað hefur eitt af upprunalegu húsunum frá upphafi verslunar þar varðveist, Södenborgarhúsið (1816) við Aðalstræti 12. Það er að danskri gerð með lágum veggjum og háu risi. Þar í kring eru nokkur gömul timburhús frá árunum 1845-1907 sem tengjast einnig verslunarstarfseminni í Miðkaupstað, bæði verslunar og íbúðarhús. Best þekkta húsið er líklega Edinborgarhúsið (1907) við Aðalstræti 7 sem hýsti Edinborgarverslunina. Einnig eru þar hluti af byggingaheild, húsin í Aðalstræti númer 8, 10, 11, 15 og 16. Þetta eru timburhús, flest með bindingsverki, sem með tímanum tekur yfir sem algengasta formgerð timburhúsanna.<sup>25</sup>

Með tíð og tíma voru húsin aðlöguðu íslenskum aðstæðum, samhliða því að íslenskir timburmenn og snikkarar náðu tökum á smíði húsanna og þróuðu lag þeirra. Yngri húsin í húsaþyrpingunum við Miðkaupstað og Hæstakaupstað bera því ýmis merki yngri byggingarstíls timburhúsa. Þetta eru m.a. hús af svokallaðri dansk-íslenskri húsagerð sem er eins konar íslenskt framhald af þeirri dönsku. Smátt og smátt tóku Íslendingar við keflinu í kaupstöðunum bæði hvað varðar verslunarrekstur og húsabyggingar. Kaupstaðirnir sem urðu kveikjan að þéttbýlinu á Ísafirði eru enn á sínum stað og hver og einn skartar byggðaheild með svipmóti sem tengist sögu og þróun Ísafjarðar.



Mynd 11. Turnhús, Krambúð og Tjöruhús í Neðstakaupstað sumarið 2021.<sup>26</sup>


<sup>25</sup> Hörður Ágústsson, 2000

<sup>26</sup> Ljósm. Bragi Bergsson.

## 1.4.2 Timburhús

Á Eyrinni eru fleiri merkilegar byggingaheildir timburhúsa frá fyrstu áratugum þéttbýlismyndunar. Þessi byggð fer að myndast smátt og smátt austan við Miðkaupstað þar sem landrými var til staðar í Tangagötu, Smiðjugötu, Þvergötu og hluta Brunngötu, Silfurgötu, Sundstrætis, Skipagötu og Fjarðarstrætis. Meginþorri húsanna var byggður á seinni hluta 19. aldar fram á fyrstu áratugi 20. aldarinnar. Eitt og eitt steinsteypt hús er einnig að finna inni á milli, en það eru timburhúsin sem einkenna heildarmyndina. Þessi heild gefur góða yfirsýn yfir hús frá timburhúsaöldinni svokölluðu þegar Íslendingar byrjuðu að fikra sig áfram í smíði timburhúsa.

Sum elstu húsanna eru samkvæmt danska byggingarstílnum og þeim dansk-íslenska sem lýst var í kaflanum hér að framan, s.s. Sundstræti 25A, Þvergata 3, Skipagata 11 og Smiðjugata 2. Flest bera þó sterkara yfirbragð þeirrar húsagerðar sem þróast út frá þessum stílum og eru ríkjandi á seinni hluta 19. aldar. Þetta eru einföld timburhús oft með blönduðum stílum, sum með einhverjum einkennum af sveitser stíl sem lýst er í næsta kafla.



Mynd 12. Sundstræti 25a; Messiönnuhús sumarið 2021.<sup>27</sup>

---

<sup>27</sup> Ljósm. Bragi Bergsson.

Stór hluti húsanna á þessu svæði voru einföld hús alþýðufólks, bárujárnsklædd timburhús, oft byggð af litlum efnum og sparssemi. Einkenni þeirra eru að þau eru lítil og lágreist og án skrauts, með lágu risi eða krossreist og sum portbyggð.<sup>28</sup> Margs konar viðbyggingar og skúrar eru við þessi hús og oft hefur verið bætt við hæð ofan á þau. Húsin hafa þannig stundum þróast með þeim hætti að upphaflega voru þau í dansk-íslenskum stíl en síðar var byggt við þau eftir því sem fjárhagur leyfði og fjölskyldustærð breyttist. Þannig endurspeglar útlit hússins oft blöndu af ýmsum stefnum, ekki síst þeim sem eru ríkjandi þegar bætt var við það. Þessi einföldu timburhús setja mikinn svip á svæðið og dæmi um þau eru t.d. Sundstræti 35, Silfurgata 8, Smiðjugata 4, Tangagata 10 og Tangagata 21.



Mynd 13. Timburhúsið við Þvergötu 3 hefur two skorsteina, mynd tekin sumarið 2020.<sup>29</sup>

Á Ísafirði var einnig algengt að hafa litla viðbyggingu eða inngönguskúr, sem viðbót við aðaldyr til að veita skjól frá veðri og vindum. Þetta eru kölluð bíslög og eru sérlega mörg dæmi um þau að finna í gömlu byggðinni.

Timburhúsaheildin á Eyrinni er eitt heilsteypasta dæmið á landinu um húsagerðir í bæjum þegar byggðin fer að þéttast og taka á sig mynd. Notagildi er í fyrirrúmi og hvert rými

<sup>28</sup> Hörður Ágústsson, 2000 og Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

<sup>29</sup> Íjósm. Bragi Bergsson.

húsanna er nýtt til hins ýtrasta. Byggt er eftir efnum hverju sinni og viðbæturnar sem bætast smátt og smátt við húsin eru eitt af einkennum byggðarheildarinnar. Innlendar aðstæður eins og veðurfar endurspeglast í húsagerðunum, sbr. bíslögin. Timburhúsaheildin segir þannig sögu alþýðufólks og húsakostinn sem þeim bauðst á árunum í kringum 1900 þegar þéttbýli er að festa sig í sessi.



Mynd 14. Timburhúsið við Tangagötu 17, sumarið 2021.<sup>30</sup>

#### 1.4.3 Aðalstræti og Silfurgata

Íburðarmestu og stærstu byggingarnar á svæðinu eru flestar að finna í og við aðalgöturnar Aðalstræti og Silfurgötu. Þær eru byggðar í ýmsum stílum og frá mismunandi tímum en hafa þó mörg sameiginleg einkenni. Þær eru yfirleitt 2-4 hæðir, staðsettar alveg úti við götuna og standa sumar þétt hlið við hlið, í svokallaðri randbyggð. Þær eru einnig yfirleitt með verslun og/eða þjónustu á jarðhæð, stundum kallað virk jarðhæð. Þessar byggingar eru heilt yfir íburðarmeiri en víða annars staðar í bænum.

Fá dæmi eru um timburhús með nýklassískum stíl á Íslandi en við Aðalstræti 36 er þó gott dæmi um slíkt með gamla barnaskólanum þar sem sjá má hornsúlur og þríhyrna bjóra yfir gluggum (1901). Framhlið skólans er friðuð og henni viðhaldið þó að restin af skolabyggingunni sé mun yngri.<sup>31</sup>

---

<sup>30</sup> Íjósm. Bragi Bergsson.

<sup>31</sup> Hörður Ágústsson, 2000 og Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.



Mynd 15. Silfurgata 6 sumarið 2021..<sup>32</sup>

Sveitserstíllin setur svip á mörg hús við aðalgötturnar. Einkenni stílsins er hár múraður sökkull, mikil lofhæð og stórir gluggar og hátt ris. Þá er jafnan skrautlega útskorinn umbúnaður glugga, hurða og þakbrúna sem ná langt út. Íslendingar aðlöguðu stílinn að íslenskum veðuraðstæðum með því að klæða húsin bárujárni og sá stíll því kallaður bárujárnsveitser. Raguel Árni Bjarnason var aðalfrumkvöðull íslenska sveitser stílsins á Ísafirði og hús eftir hann eru t.d. Silfurgata 11 (Félagsbakaríið), Silfurgata 2 og Silfurgata 6, öll frá 1905, en seinni tvö eru með hornturnabrag. Önnur dæmi um sveitserhús við aðalgötur eru Aðalstræti 22b (1907) og Silfurgata 7 (1906).<sup>33</sup>

Eftir um 1915 tekur steinsteypuöldin við þegar byggingu timburhúsa voru settar miklar skorður. Í upphafi var uppbygging, útlit og fyrirkomulag steinsteypuhúsa nánast með sama hætti og timburhúsanna sem fyrir voru.<sup>34</sup> Dæmi um þetta eru t.d. Brunngata 10 sem er steinsteypuhús í sveitserstíl (1910) og Brunngata 12 sem hefur útlit timburhúss.

<sup>32</sup> ljósm. Bragi Bergsson.

<sup>33</sup> Hörður Ágústsson, 2000 og Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

<sup>34</sup> Hörður Ágústsson, 2000 og Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

Nokkur hús með einkenni steinsteypuklassíkur er að finna við Aðalstræti, en það eru steinsteypt hús með söguleg stíleinkenni. Þetta eru Aðalstræti 18 (1920) Aðalstræti 22 (1933) og Aðalstræti 26 (1933). Einnig neðsta hæð húss gamla bakarísins við Aðalstræti 24 sem byggt var árið 1935 sem steinsteypuklassík en svo var hæðum bætt ofan á níunda áratugnum í síðmódernískum stíl. Einnig má sjá dæmi um byggingar frá öðrum tímaskeiðum s.s. Silfurgötu 1 (1970) sem er dæmi um módernískra byggingu.

Aðalgötturnar hafa ekki síst menningarsögulega mikilvægt gildi sem rótgrónar verslunargötur þar sem virk jarðhæð er eitt aðaleinkenni þeirra. Þær hafa í gegnum tíðina byggt á viðskiptum gangandi vegfarenda sem áttu leið hjá á þessum aðalgötum og gera enn í dag.



Mynd 16. Silfurgata 2, Aðalstræti 26 og Aðalstræti 24, sumarið 2020.<sup>35</sup>

<sup>35</sup> Ljósm. Bragi Bergsson.

#### 1.4.4 Funkishús

Nyrst á verndarsvæðinu er einnig að finna skemmtilega byggingaheild steinsteypubygginga undir áhrifum *íslensku funkisstefnunnar* sem var áberandi á árunum 1930-1960. Þessi hús byggjast upp á svæði sem áður var notað til saltfiskþurkunar (Risstún) en losnaði upp úr 1920 með breyttum vinnsluaðferðum á fiski. Þá þótti kjörið að nota þetta dýrmæta byggingarland undir stórar opinberar byggingar. Flestar þessara bygginga eru hannaðar af Guðjóni Samúelssyni sem var mjög áhrifa- og afkastamikill arkitekt á þeim tíma og starfaði lengi sem húsameistari ríkisins. Byggingarnar á svæðinu eru einnig dæmi um þróun funkisstílsins á Íslandi og mismunandi útfærslur Guðjóns.

Funkisstefnan eða funksjónalismi sprettur fram í Evrópu um 1920 samfara gagnrýni á byggingarlist sem fylgdi fornum hefðum. Með funkisstílnum var lögð áhersla á notagildi bygginganna og að nýta sem best eiginleika steinsteypunnar. Byggingarnar voru einfaldar, án skrauts og áttu að vera heilsusamlegar og ódýrar íbúðir fyrir almenning. Á Íslandi þróaðist stíllinn frá því að vera með flötum þökum líkt og í Evrópu yfir í lágreist valmaþök og horngluggar einkenndu einnig stíllinn. Eitt af höfuðeinkennum íslenskra funkishúsa var að yfirborð þeirra var múrhúðað með hrjúfu efni s.s. skeljasandi eða steinmulningi.<sup>36</sup> Dæmi um þetta eru húsin við Austurveg sem byggð voru milli 1939 og 1950.



Mynd 17. Steinsteyp hús í funkisstíl sumarið 2020. Austurvegur 9 (Sundhöllin) og 11 (Húsmæðraskólinn), og einnig sést glitta í bakhlið hússins við Fjarðarstræti 11.<sup>37</sup>

<sup>36</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

<sup>37</sup> Ljósm. Bragi Bergsson.

Húsin við Austurveg 9, 10, 11 og 12 eru hönnuð af Guðjóni og þar má sjá hvernig hann fylgdi funkisstefnunni ekki alveg 100%. Hann vildi t.d. hafa smá skraut á húsunum og sums staðar má einnig sjá klassísk áhrif. Guðjón var einnig þekktur fyrir að bæta við þjóðlegum eða náttúrulegum einkennum við grunnhugmyndir funkisstefnunnar. Þetta má t.d. sjá á Þjóðleikhúsinu í Reykjavík og hefur verið nefnt hamrastíll. Guðjón var einnig þekktur fyrir að reyna að sampaetta klassískan einfaldleika og rökréttu formhugsun í anda funksjónalisma. Gagnfræðaskólinn (1939) og Sundhöllinn á Ísafírði (1945) og Húsmæðraskólinn Ósk (1948), eru dæmi um þá tegund funkisstíls sem Guðjón notaði og hefur stundum verið nefndur lýðveldisstíll. En hann teiknaði líka hús þar sem funkisstílnum er nokkuð ítarlega fylgt eftir, eins og verkamannablokkina við Austurveg og Grundargötu (1940) sem fylgja sömu teikningum og verkamannabústaðirnir við Hringbraut í Reykjavík, og þau eru með elstu dæmum um hús sem eru byggð í anda funkisstefnunnar á Íslandi.

Við Fjarðarstræti og Skólagötu er einnig að finna íbúðarhús í funkisstíl sem styrkja heildarsvip þessa svæðis. Á svæðinu er því að finna ýmis dæmi um íslenskar útgáfur funkisstílsins, sem þróast á eftirstíðsárunum.



Mynd 18. Verkamannablokkirnar við Austurveg 12 og Grundargötu 2-6, sumarið 2020.<sup>38</sup>


---

<sup>38</sup> Ljósm. Bragi Bergsson.

## 1.5 Staða reitsins í skipulagi

Landnotkunarreitir innan verndarsvæðisins í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 má sjá á mynd 2 og um þá hefur verið sett fram stefna í aðalskipulaginu. Innan íbúðasvæðis Í5 á að endurheimta fyrri hús og þéttu byggð. Á þjónustusvæði P10 er áhersla á fjölbreytilegt og heilsusamlegt umhverfi og gott aðgengi. Á þjónustusvæði P11 er lögð áhersla á að líta á gömlu húsin og fjöruna sem heild. Á miðsvæði M4 er lögð áhersla á eflingu miðbæjar með þéttum, líflegum og aðlaðandi kjarna. Einnig sé fjölbreytt verslun og þjónusta og íbúðir og góð tenging við náttúru. U14 er Skipagöturóló þar sem áhersla er á góð leiktæki. Annars er á öllum þessum svæðum vísað til hverfisverndar svæðisins. Svæðið sem hér er til umfjöllunar er allt innan hverfisverndaðs svæðis í aðalskipulaginu, nánar tiltekið H8 og H13, sjá hvítstrikað svæði á mynd nr. 19.

Samkvæmt ákvæðum hverfisverndar H13 fyrir Neðstakaupstað á öll uppbygging á svæðinu að miða að varðveislu sögu- og menningarminja og auka möguleika svæðisins sem safnasvæðis. Breytingar skulu gerðar í samráði við Húsafríðunarnefnd ríkisins og gæta þess að uppbygging til að auka aðgengi að fjörunni skerði ekki verndargildi svæðisins. Austurvöllur er einnig hverfisverndaður (H17) sem Skrúðgarður þar sem upprunaleg hönnun er vernduð, óheimilt að skerða umfang garðsins og gott aðgengi að honum sé tryggt. Á hverfisverndarsvæði Skutulsfjarðareyrar H8 er lögð fram verndarstefna sem einnig vísar til gerð rammaskipulags um svæðið ekki síður en 2011, en það hefur ekki verið unnið.



Mynd 19. Hluti af Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020.<sup>39</sup>

<sup>39</sup> Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunnar.

Á svæði Neðstakaupstaðar og nágrenni er í gildi Deiliskipulag Suðurtanga, íbúðar- og þjónustusvæðis frá árinu 2015. Markmið deiliskipulagsins er að skapa rými fyrir íbúðarbyggð þar sem gæðin byggjast á góðu aðgengi að sjó, aðstöðu fyrir sjósport og nálægð við miðbæ og þjónustu. Markmiðið er jafnframt að efla umhverfi minja sem eru á svæðinu og tryggja vernd þeirra. Þá er einnig lögð áhersla á að innan svæðisins verði mögulegt að efla þjónustu við bæði íbúa og gesti.



Mynd 20. Hluti af deiliskipulagsuppdrættinum fyrir svæðið frá 2015.<sup>40</sup>

Gamla byggðin á Eyrinni var skipulögð árið 1997 og þar var lögð áhersla á verndun og viðhald elstu byggðarinnar og göturnar þar skilgreindar sem vistgötur, þar sem gangandi umferð hefur forgang. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stórum landfyllingum umhverfis Eyrina alla með nýrri byggð og stórum stofngötum. Skipulagið byggir á eldra aðalskipulagi en í núgildandi aðalskipulagi hefur verið horfið frá þessum miklu landfyllingum norðan- og vestanmegin byggðarinnar auk tilheyrandí bílastæðum og umferðaræðum.

<sup>40</sup> Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar.



Mynd 21. Hluti af deiliskipulagsuppdrættinum fyrir svæðið frá 1997.<sup>41</sup>

---

<sup>41</sup> Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunnar.

## 1.6 Húsakönnun

Byggða- og húsakannanir eru „byggingarlistaleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“<sup>42</sup> Í húsakönnun er að finna skrá yfir hús á viðkomandi svæði og hún þarf að innihalda að lágmarki sögulegar staðreyndir um hvert og eitt hús, lýsing, ljósmyndir og varðveislumat.<sup>43</sup> Varðveislumat í húsakönnun tekur til eftirtalinna þáttu: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss og skulu færð rök fyrir varðveislugildi.<sup>44</sup> Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Þessi húsakönnun er unnin vegna tillögugerðar um verndarsvæði í byggð á svæðunum sem hér eru til umfjöllunar. Á svæðunum eru m.a. staðsett íbúðarhús, verslanir og menningarstofnanir. Í húsakönnuninni er fjallað um öll hús og mannvirkni innan svæðisins, en þar standa í dag alls 127 hús en geymsluskúrar eða bílskúrar á lóðunum voru ekki taldir sérstaklega.

Að lokum er mikilvægt að benda á fjögur eigindi í umhverfinu sem vert er að vernda og varðveita. Þetta eru: Austurvöllur, Skipagöturóló, Bárðarslippur og Fjaran í Neðsta.

### 1.6.1 Varðveislumat fyrir hús og mannvirkji

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja eru metnir fjórir þættir: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð*. Niðurstaða varðveislumats, þ.e. varðveislugildi húsa, byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana og skráningu húsa og mannvirkja.<sup>45</sup>

Í húsakönnun er gerð grein fyrir verndarstöðu viðkomandi húsa og mannvirkja gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi og/eða húsverndarstefnu sveitarfélags. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem eru 100 ára og eldri byggir á *lögum um menningarminjar nr.*

<sup>42</sup> Minjastofnun Íslands: „Byggða- og húsakönnun“. Óutgefið leiðbeiningarit (2009).

<sup>43</sup> Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is>.

<sup>44</sup> Minjastofnun Íslands: „Byggða- og húsakönnun“. Óutgefið leiðbeiningarit (2009).

<sup>45</sup> Minjastofnun Íslands: „Byggða- og húsakönnun“. Óutgefið leiðbeiningarit (2009); „Gerð húsakönnunar og skráningarstaðall húsa og mannvirkja“. Óutgefið leiðbeiningarit (2017).

80/2012. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1925 og fyrr. Í lögunum eru eftirfarandi verndunarflokkar húsa:<sup>46</sup>

### ***Friðlýst hús og mannvirki - BLÁR FLOKKUR***

Hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012.<sup>47</sup> Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.<sup>48</sup> Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarmínja.“

### ***Friðuð hús og mannvirki - FJÓLUBLÁR FLOKKUR***

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/201.<sup>49</sup> Gildir nú um *hús byggð 1919 eða fyrr* samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

### ***Umsagnarskyld hús - APPELSÍNUGULUR FLOKKUR***

Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en byggð 1925 eða fyrr, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr, eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

### ***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir - RAUÐUR FLOKKUR***

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsöglegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

### ***Samstæður húsa og heildir - GULUR FLOKKUR***

Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

---

<sup>46</sup> Lög um menningarmínjar - nr. 80 - 29.6.2012.


<sup>47</sup> Lög um menningarmínjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013.

<sup>48</sup> Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is).

<sup>49</sup> Lög um menningarmínjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá einnig vef Minjastofnunar Íslands: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is).

## 1.6.2 Varðveislumat fyrir Neðstakaupstað

Á athugunarsvæðinu eru fjögur hús sem eru friðlýst og svæðið er hverfisverndað í Aðalskipulagi. Á kortinu hér fyrir neðan má sjá þau hús sem eru friðlýst (blá).<sup>50</sup>



<sup>50</sup> Kort unnið af Alta.

Á kortinu hér fyrir neðan má sjá varðveislugildi húsanna á svæðinu.<sup>51</sup>



<sup>51</sup> Kort unnið af Alta.


### 1.6.3 Varðveislumat fyrir byggðina á Eyrinni sem afmarkast af Aðalstræti, Fjarðarstræti, Sundstraeti og Skipagötu.

Á athugunarsvæðinu eru sjö hús (blá) sem eru friðlýst, 76 hús (fjólublá) sem eru aldursfriðuð, 17 hús (rauð) sem eru einstök hús og fjögur hús (appelsínugul) sem eru umsagnarskyld. Svæðið er hverfisverndað í Aðalskipulagi.<sup>52</sup>



<sup>52</sup> Kort unnið af Alta.

Á kortinu hér fyrir neðan má sjá varðveislugildi húsanna á svæðinu.<sup>53</sup>



<sup>53</sup> Kort unnið af Alta.

#### **1.6.4 Húsaskrá Ísafjarðar fyrir Neðstakaupstað og elstu byggðina á Eyrinni**

Segja má að öll húsin á svæðinu séu ólík og beri öll sitt stíleinkennið, mörg hafa stækkað og breyst og flest hafa þau gengt mismunandi hlutverki í gegnum tíðina. Með því að ganga um svæðið er í rauninni hægt að lesa sig í gegnum byggingarlistar-, skipulags- og menningarsögu á Íslandi frá miðri 16. öld til dagsins í dag.

Hér á eftir er að finna húsaskráningu 127 húsa í Neðstakaupstað og á Eyrinni, ásamt söguágripi þeirra, helstu breytingum og rökstuðningi fyrir varðveislumati þeirra, sem var sett fram á kortunum hér á undan.

Vegna aldurs er stór hluti húsanna sem hér er til skoðunar komin með aldursfriðun skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þar af leiðandi eru þau mörg metin með hátt varðveislugildi. Þetta er þó ekki algilt, enda hefur sumum þeirra verið breytt mjög mikið frá því að þau voru byggð og hafa t.d. sumar breytingarnar dregið úr varðveislugildi þeirra. Í slíkum tilvikum gæti verið heppilegt ef matsflokkarnir væru fleiri, t.d. ef bætt væri við flokkunum *miðlungs hátt* og *miðlungs lágt*. Einnig verður að hafa í huga að varðveislumatið á húsunum er ákvarðað út frá fyrirliggjandi heimildum og útlitsskoðun þeirra á vettvangi. Við endurgerð húsanna í framtíðinni og/eða ef fram koma nýjar skriflegar, munnlegar eða myndrænar heimildir um þau, þá gæti matið á þeim tekið breytingum.


Fyrsti eigandi: Verslunin Edinborg

Hönnuður: Rögnvaldur Ólafsson, arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll

Upphafleg notkun: Verslun; vörugeymslur og fl.

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi / Þjónusta



Húsið í byggingu árið 1907.



Árið 2021, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini: Timbur, bindingsverk

Útveggir: Bárújárn

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Undirstaða: Steinsteyp特

Útlit: Tvílyft; Kvistir; Ris

**Núverandi**

Timbur, bindingsverk

Bárújárn

Risþak og skúrbak

Bárújárn

Steinsteyp特

Tvílyft / Kvistir / Ris

**Helstu breytingar:**

1930 Gera bílgengna hurð á suðurgafl.

1935 Loftásir í þak og reykháf við suðurgafl.

1944 Hækkun á endum hússins.

1994 Settir 12 þakgluggar á húsið.

2004 Heildar endurbýgging hússins í upprunalega mynd.

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað

ekki vitað

ekki vitað

Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt

Kanon arkitektar ehf.; Helgi B. Thóroddsen., arkitekt

**Saga:**

Edinborgarhúsið er bárujárnsklaett tvílyft timburhús með risi og einum kvisti. Einlyftar skúrbyggingar á norður og suður hliðum hússins voru hækkaðar um eina hæð árið 1944. Vestan megin við húsið (Pollmegin) var einnig einlyft skúrbygging eftir endilöngu húsinu. Í gegnum mitt húsið er gangur og lágu þar áður teinar frá fiskþurrkunarreitunum austan megin við húsið og út eftir bryggunni vestan megin við það. Sex litlit turnar voru byggðir við skúrbyggingarnar norðan og sunnan megin við húsið, þrír á hvorri hlið.

Húsið var endurbýgt í upprunalegri mynd í kringum aldaðarmótin 2000 og þá voru tveir turnar á hornum vesturhlíðar hússins endurgerðir. Edinborgarhúsið er eitt stærsta timburhús landsins og var húsið og bryggjan út frá því risin í desember 1907. Það var bygt eftir teikningum Rögnvaldar Á Ólafssonar arkitekts fyrir Edinborgarverslun, sem var í eigu íslenskra og skoskra kaupmannna. Jón Þ. Ólafsson, bróðir Rögnvaldar, var byggingarmeistari hússins.

Starfsemi Edinborgarverslunar lagðist af árið 1917, en verslunarrekstur hélt áfram í húsinu fram til ársins 1926. Togarafélag Ísafjarðar hf. starfaði þá í húsinu, en félagini gekk illa á kreppuárunum og árið 1938 eignaðist Kaupfélag Ísfirðinga húsið. Kaupfélagið var m.a. með fiskvinnslu í húsinu og kom m.a. upp þurrklefa þar árið 1945, sem gerði það af verkum að hægt var að þurrka fisk allan ársins hrинг. Þá var einnig frystiklefí í húsinu og rækjuvinnsla. Kaupfélagið átti Edinborgarhúsið í um 50 ár, eða fram til um 1990 þegar Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) tók yfir eignir félagsins.

Upplifun 1992, þegar engin starfssemi var búin að vera í húsinu í nokkrum tíma, keyptu menningarfélöginn Litli leikklúbburinn og Myndlistarfélagið, ásamt fyrirtækinu Djúpbáturinn hf., húsið m.a. til þess að bjarga því frá frekari niðurnáðslu. Í kjölfarið lögðu margir hönd á pláginn við að gera húsið upp og var stofnað einkahlutafélag um menningarmiðstöð í húsinu; Edinborgarhúsið hf.

Ytra byrði Edinborgarhússins var friðað árið 1999 af menntamálaráðherra.

Endurbætur á húsinu hófst 2004 og var verktakinn Magnús H. Alfreðsson húsasmíðameistari.

Húsið var opnað árið 2007.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Tvílyft timburhús með sveitsereinkennum. Eitt stærsta timburhús landsins, teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni arkitekt.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Reist fyrir Edinborgarverslun sem pakkhus og saltfiskverkun. Síðar var þar m.a. fiskþurrkun og frystihús. Nú er í húsinu ýmis menningarstarfssemi, upplýsingamiðstöð og veitingastaður.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrringu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið var endurbýgt í upprunalegri mynd á árunum 2004-2007.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

Varðveislugildi:	Hátt	Það er friðlýst skv. ávkörðun ráðherra skv. 18. gr. laga um menningarmiðstöð og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:		Friðlýst hús - blár litur á korti

Fyrsti eigandi: Jónas Jónasson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Um 1930 (Lpr/2012-267-164)



Árið 2020, mynd: BB.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk	1933 Hækkun á vesturvegg norðurhluta hússins og þakhalla breytt.	ekki vitað
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	1934 Byggt ofan á skúrbýggingu við norðurhluta hússins.	ekki vitað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1938 Byggt ofan á suðurhluta hússins og stækka skúrb. til samr. við norðurhl..	ekki vitað
Þakklæðning:	Líklega rennisúð	Bárujárn	1938 Byggð lítill skúrbýgging við húsið á bakhlið suðurhluta hússins.	ekki vitað
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt	2008 4,4 fm. stækkun á bakhlið húss, í samræmi við aðra hluta hússins.	Gísli Gunnlaugsson , byggingataknifréðingur
Útlit:	Einlyft / Ris	Tvílyft / Viðbygging		

**Saga:**

Er bárujárnsklætt timburhús á tveimur hæðum, er í raun tvö sambyggð hús um 17,6m á lengd. Tvær íbúðir eru í húsinu, ein í hvorum enda. Húsinu hefur verið talsvert breytt í gegnum tíðina. Elsti hluti þess er norðurhlutinn, byggður um 1845 á Miðkaupstaðarlóðinni. Jónas Jónasson byggði húsið, en hann lést árið 1850. Ingibjörg Jónsdóttir ekkja hans bjó í húsinu skv. manntali það ár.

Helgi Sölvason bóndi á Fossum átti húsið árið 1859 þegar hann selur Hjálmar Jónssyni (Johnsen) timburmanni og síðar kaupmanni á Ísafirði og Flateyri eignarhlut sinn í húsinu, eftir skiptabréfi við maddömu Jónasson frá 1851. Auk íverhússins fylgdu í kaupinu verbúð, brunnur með trékassa, kálgarður, pakkhus 10 álna langt og undirgrind af timburhjalli jafnlöngum. Sjást þessi hús á uppdrættinum frá 1865 austan við húsið. Þetta hús var án lóðarréttinda, en fékk úrskipt spildu, þegar Hinrik Sigurðsson og Hjálmar Jónsson skiptu milli sín Miðkaupstaðarlóðinni árið 1868.

Í fyrstu brunavirðingu hússins 11.03.1917, er búið að hækka húsið um eina hæð og þá er húsið í eigu Edinborgarverslunar. Síðar var byggð einna hæðar skúrbýgging austan megin við húsið. Árið 1928 er sennilega búið að byggja suðurhlutann við húsið og það metið sem ein heild og eigandi þess er Stefán J. Richter. Árið 1933 sótti Stefán um að hækka upp vegginn götumegin (vestan megin) þannig að hallinn á þakinu verði sá sami beggja vegna og gluggaskipan verði sú sama á efri og neðri hæð. Ári síðar sótti hann einnig um að fá að byggja ofan á skúrinna baka til, svo að húsið verði 12x12 álnir uppi eins og niðri. Árið 1938 sækir Magnús Kárason um að fará að hækka suðurenda hússins til samræmis við norðurendann og að breikka skúr á bakhlið og einnig byggja aðra skúrbýggingu 1,2x2m við húsið baka til. Bæjarráð samþykkir allar þessar breytingar, með þeim fyrirvara að fjarlægja megi húsið í framtíðinni vegna breytinga á skipulagi. Árið 2008 er svo byggt á milli þessarar tveggja skúrbýggings, þannig að þær mynda núna eina heild.

Ekki er að fullu ljóst hvenær skúrbýgging norðan við húsið var byggð. En árið 1979 er hún orðin fún og lek. Þáverandi eigandi hússins rifur bygginguna og hefst handa við að byggja nýja í hennar stað. Sú viðbygging var gerð í óleyfi og ekki með samþykkt byggingarfulltrúa. Farið var fram á niðurrif óleyfisbyggingarinnar, en hún stendur enn í dag. Á árunum 2003-2008 vann Magnús H. Alfreðsson húasmíðameistari við húsið, pakklæðning var endurnýjuð, smíðaðir nýir gluggar að vestanverðu og austanverðu, ásamt því sem klæðning hússins að austanverðu var endurnýjuð.

Húsið var friðað 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt bárujárnsklætt timburhús á tveimur hæðum, hefur verið breytt talsvert, upphaflega á einni hæð. Er í raun aflangt parhús.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, eitt af elstu húsum bæjarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikil gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu. Lóðina mætti afmarka.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er mikil breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðlýst skv. ávkörðun ráðherra skv. 18. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðlýst hús - blár litur á korti	

Fyrsti eigandi: Jóhann J. Eyfiröingur

Upphafleg notkun: Pakkhús

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Árið 2021, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Portbyggt / Ris	Einlyft / Kvistir / Ris

**Núverandi****Helstu breytingar:**

1967	Gluggum og dyrum á götuhið breytt, vegna reksturs verslunar.	ekki vitað
1976	Viðbyggingin við húsið, sem síðar verður Pollgata 2.	Magnús Skúlason, arkitekt
2004	Viðbygging og bílskúr inni í húsinu leyfð. Ekki notað sem bílskúr í dag.	Tæknipjónusta Vestfjarða
2020	Sólskáli byggður við húsið.	Tæknipjónusta Vestfjarða

**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Þann 4 nóvember 1916 var samþykkt í byggingarnefnd kaupstaðarins að úthluta Jóhanni J. Eyfiröingi fjrulóð milli Edinborgar og húss Jóns B. Eyjólfssonar. Þann 13. nóvember 1919 sækir hann um að fá að byggja á þessari lóð og er það samþykkt, húsið skuli vera 19x15 álnir og 7 álna vegghæð og háu risi. Á framhlið séu 2 þriggja faga gluggar auk kvistgluggans sem sé 2ja faga.

Á mælingablaði frá 1920 er húsið sagt vera pakkhus, þannig að það hefur ekki verið byggt sem íbúðarhús í upphafi. Árið 1930 sækir J. S. Edwald um að fá að setja tvo glugga á norðurgafl hússins svo hægt sé að innréttá íbúð í húsinu. Ásamt því að setja þakglugga og byggja skorstein.

Árið 1967 er rafvirkja og raftækja fyrirtækið Póllinn hf. orðinn eigandi hússins. Þá er gluggum og dyrum á götuhið hússins breytt, til þess að reka þar verslun.

Póllinn hf. sækir árið 1976 um að byggja verkstæði og lagerhús á bakvið timburhúsið á lóðinni. Bæjarráð samþykkir bygginguna en í kjölfarið þarf að fára eða rifa skúra á baklöðum nr. 11 og 13 við Aðalstræti, til þess að gæta að brunavörnum. Nýbyggingin er orðinn fokheld í lok ársins. Hún er teiknuð af Magnúsi Skúlasyni og Sigurði Harðarssyni. Árið 2004 verður þessi bygging á sjálfstæðri lóð sem nefnist Pollgata 2, en timburhúsið er áfram staðsett á lóðinni Aðalstræti 9 og verður síðan skilgreint sem íbúðarhús. Sama ár er leyfð viðbygging við suðvestur gafl timburhússins, þar sem heimilt er að gera bílskúr inni í húsinu, með svöldum ofan á.

Árið 2019 var sótt um að gera sólskála við sunnanvert húsið ásamt því að breyta götuhið þess.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Einfalt portbyggt bárujárnsklætt timburhús með sveitsereinkennum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu. Fyrirtækið Póllinn hf. var um langt skeið starfrækt í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur verið við húsið og gluggar endurnýjaðir í samræmi við aldur og gerð hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblárlitur á korti	

Fyrsti eigandi: JM Falck

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Um 1930 (Lpr/2012-267-164)



Árið 2020, mynd: BB.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefnini:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk	1989 Gluggabreyting	ekki vitað
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	2005 Bílskúr 40fm.	Tæknipjónusta Vestfjarða
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris		

**Saga:**

Þann 4.03 1873 tók byggingarnefnd fyrir erindi frá J.M. Falck frá febrúar sama ár um að fá leyfir til að byggja íveruhús á lóð M. Jochumssonar og var það leyft. Í virðingu frá því í nóvember 1878 er húsið sagt 18 al langt, 12 al breitt og 10 al hátt. Niðri voru þá tvö íbúðarherbergi og eldhús en uppi á loftinu voru 3 íbúðarherbergi og 1 geymsluherbergi.

Húsið er talið byggt um 1874 og er timburhús; hæð og ris sem stendur á kjallara. Litlar forstofur (bíslög) eru á götuhið og bakhlið hússins. Það er talið flutt til landsins tilsníðið frá Noregi líkt og fleiri hús frá sama tíma. Húsið var um skeið í eigu Edinborgarverslunar og þar hafa búi útgerðarmenn, sjómenn, kaupmenn og kaupfélagsstjórar. Húsið hefur stundum verið nefnt Downingsstræti 10, vegna þeirrar virðingar sem það hefur notið.

Árið 1989 var gluggum hússins breytt, úr því að vera T-pósta í núverandi glugga með sex rúðum (nú rúður á gluggum bakhliðar). Bílskúr var byggður á lóðinni á árunum 2005-2006.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Timburhús af dansk-íslenskri gerði (yngri) með sveitseráhrifum. Húsið er með bíslagi að framan og aftan. Mögulega flutt tilsníðið til landsins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólblárlitur á korti

Fyrsti eigandi: Björn Árnason

Hönnuður: ekki vitað

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll

Upphafleg notkun: Íbúð; Verslun

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2021, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingsverk	Níður
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1920	Einlyft skúrbygging byggð á milli hússins og upp að Aðalstræti 9.
1983	Skúrb. endurgerð og risþakið lengt yfir hann og húsin tengd saman.

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað
Magnús Skúlason, arkitekt

**Saga:**

Húsið er timburhús, ein hæð og ris á steyptum kjallara. Húsið er ekki með háu porti og því nær kvisturinn alveg ofan í þakkant sem gerir útlit hússins sérstakt. Það er byggt árið 1904 og var Björn Árnason löggreglubjónn, fyrsti eigandi þess. Árið 1917 eiga húsið Jón B. Eyjólfsson gullsmiður og Jóhanna Olgeirs dóttir. Þá er húsið sagt einlyft með porti, kvisti og háu risi. Íbúðarhús og verslun. Timburhús klætt bárujární sem og þakið. Skorsteinar og skúr áfost baka til.

Árið 1920 var byggður skúr á milli hússanna nr. 9 og 11 og þar var rekin verslun. Prentsmiðja var í húsinu um skeið á þriðja áratug 20. aldar.

Árið 1932 var sampykkt að breyta dyrum á skúrbyggingunni upp við Aðalstræti 9 og setja glugga á hana.

Á árunum 1940-1950 er byggt við húsið á bakhlið þess (þar voru áður skúrbyggingar), og verður þá kjallari og ein hæð.

Árið 1973 eru þjár íbúðir í húsinu og því lýst á þann hátt, að það skorti viðhald. Þá var einnig bílskúrinna á baklóðinni leigður út til fyrirtækisins Póllinn hf. í Aðalstræti 9.

Árið 1983 er Póllinn hf. búin að eignast húsið og hefur þá tengibyggingin á milli hússanna verið endurgerð, mænisþakið lengt og húsin Aðalstræti 9 og 11, tengd saman, ásamt því sem viðbygging var gerð aftan við húsið.

Árið 2003 er sótt um að breyta bæði Aðalstræti 9 og 11, úr því að vera verslunar- og skrifstofuhúsnæði, í að verða íbúðarhúsnæði.

Árið 2006 er Aðalstræti 11 og Aðalstræti 11a, sameinuð í eina eign.

Árið 2008 er gerður nýr inngangur á húsið.

Á einhverjum tímapunkti hefur húsið verið augnstungið. Mun betur færí á því ef gluggar hússins yrðu færðir til upprunalegs horfs.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt timburhús, með sérstæðum kvisti. Upphaflega með sveitserreinkennum en hefur verið breytt töluvert.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Upphaflega íbúðarhús, síðar skrifstofur og verlunarhús og nú aftur orðið íbúðarhús. Hluti af elstu timburhúsabyggið á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið augnstungið og ris lengt yfir skúrbyggingu upp að Aðalstræti 9.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ytra byrði hússins virðist í ágætu ástandi.

Varðveislugildi:	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblablár litur á korti	

Fyrsti eigandi: Sönderborgarverslun

Hönnuður: ekki vitað

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2020, mynd: BB.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar	1931 Sótt um að byggja skúr á fastan húsinu að norðan verðu fyrir	ekki vitað
Útveggir:	Timbur	Bárujárn	1931 Sótt um að stækka skúr á suðurhluta lóðarinnar í 2x2,5 metra.	ekki vitað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1956 Sótt um að byggja bílgeymslu á suðurhorni lóðarinnar.	ekki vitað
Þakklæðning:	Skarsúð eða rennisúð	Bárujárn	1958 Gluggum breytt.	ekki vitað
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft / Ris / Kjallari	Einlyft; Ris; Kjallari		

**Saga:**

Söndenborgarhúsið er eina húsið sem eftir stendur af Miðkaupstaðarversluninni og er talið byggt um 1816, skömmu eftir að kaupmenn frá Söndenborg á Jótlandi hófu verslun í Miðkaupstað í samkeppni við verslunina í Hæsta- og Neðstakaupstað. Það var friðað þann 1. janúar 1990. Húsið skiptist í tvær íbúðir. Það er einlyft timburhús með risþaki og tveimur kvistum á þakinu götumegin. Við norðurgafi þess er einlyft skúrbygging með skúrbaki og á bakhlið er tveggja hæða útbygging einnig með skúrbaki.

Húsið stendur á steinsteyptum sökkli og er kjallari undir hluta þess. Veggar og þök eru bárujárnslædd. Tvennar útidyr eru að framan og aftan, fyrir síthvora íbúðina. Gluggar hafa verið endurgerðir í samræmi við upphaflega gerð hússins. Rammar/fög með þremur rúðum hver, sex rúður í hverjum glugga. Í virðingu frá 1878 er húsið sagt 11 al langt, 11 al á breidd og 11 al á hæð, bindingsverk fylt með mún og klætt að utan með borðum. Niðri eru þá 3 íbúðarherbergi og eldhús en uppi 3 íbúðarherbergi. Húsið var þá í eigu Magnúsar Jochumssonar sem rak verslun í Miðkaupstað ásamt J.M. Falck frá árinu 1872 og síðar einn allt til ársins 1892. Þá komst verslunin í eigu Árna Sveinssonar. Upphaflega eignaðist Magnús verslunina eftir Hinrik Sigurðsson skiperra sem rak verslun í Miðkaupstað 1854-1872.

Í brunavirðingu nr. 159 frá 1917 segir að húsið sé einlyft með risi - 7,05 m lang, 7,05 m breitt. Önnur hliðin er járnklædd klæðning 33 mm borð, grind 130x130 mm - þak er bárujárn tjörupappi 33mm borð tvöföld, sperrur 130x130mm. Reykháfur í húsinu og skúr fyrir inngangsdýrum.

Hús er áfast húsinu sem einnig er einlyft með háu risi - sagt 7,05x7,05. Klæðningin er 33 mm borð, múnsteinn hlaðinn upp í bindinginn. Á þaki bárujárn og tjörupappi, 33 mm borð, sperrur 155x155 mm. Útbygging á bakhlið og reykjháfur í húsinu.

Árið 1931 var Togarafélag Ísfirðinga eigandi norðurhluta hússins og byggði skúrbyggingu sem er áfost húsinu, og var gerð vegna stækkunar á skrifstofuhúsnæðinu. Sama ár sótti Ragnar G. Guðjónsson, eigandi suðurhluta hússins um að stækka skúr sem stóð á lóðinni 2x2,5 metra að stærð. Árið 1956 var byggð bílgeymsla í suðurhorni lóðarinnar og tveimur árum síðar var sótt um að breyta gluggum í húsinu. Árið 1982 var sótt um að breyta gluggum á bakhlið norðurhluta hússins, ásamt kvisti og að klæða húsið með áklæðningu. Árið 1994 var svo sótt um að byggja garðhús í norðurenda lóðarinnar. Magnús H. Alfreðsson húasmíðameistari vann að endurbótum og viðgerðum á húsinu á árunum 2011-2012, s.s. endurnýjun á gluggum og hurðum og klæðningu á útveggjum.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Dansk timburhús frá 1816, sennilega flutt til landsins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús og hluti af elstu húsum bæjarins. Tengist verslunar- og útgerðarsögu Ísafjarðar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðlýst skv. ávkörðun ráðherra skv. 18. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:		Friðlýst hús - blár litur á korti

Fyrsti eigandi: Ásgeirsverslun

Upphafleg notkun: Geymsla

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Ljósmyndasafnið Ísafirði



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingswerk
Útveggir:	Timbur	múrhúðað/forskalað
Þakgerð:	Mænisþak	Einhalla (skúrþak)
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris	Tvílyft

**Núverandi****Helstu breytingar:**

1966	Húsið hækkað um eina hæð, sett skúrþak og það forskalað.
------	--

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað

**Saga:**

Í virðingu frá því í september 1882 segir að Ásgeirsverslun hafi byggt geymsluskúr af tré, bindingsverk sem var 20 al langt, 15 al á breidd og 14 al hátt.

Húsið er nú tveggja hæða timburhús, á steyptum kjallara sem er múrhúðað (forskalað), með hallandi skúrþaki. Það er að grunninum til frá árinu 1882, þegar Ásgeirsverslun fékk leyfi til að byggja áðurnefndan geymsluskúr á lóðinni. Sá skúr hefur svo verið stækkaður og fluttur til á lóðinni og byggt úr honum timburhús með risþaki.

Árið 1917 var húsinu lýst sem einlyftu timburhúsi með risi, bárujární á þaki og 33mm borðum á veggjum.

Árið 1942 var heimiluð hækken hússins í tvær hæðir, en það var ekki framkvæmt fyrr en árið 1966. Það var gert til þess að þáverandi eigandi hússins Hinrik Guðmundsson og sonur hans Daði og fjölskylda hans gætu búið áfram í húsinu. Áður hafði verið sótt um að bæta við kvistum á mænisþakið, en með því náðist ekki nóg pláss að mati Daða. Húsinu var því breytt í þá mynd sem það er núna.

Við endurbyggingu hússins tapaði húsið upprunalegu útliti og byggingarlagi. Í fljótu bragði lítur það út eins og hús sem voru byggð á 7. áratug 20. aldar. Það passar því illa inn í götumyndina.

Í seinni til数 hefur gluggum á fyrstu hæð hússins verið breytt.

Skúr stendur á baklóðinni, byggður úr holsteini árið 1974.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Lágt Mikið breytt timburhús. Var upphaflega byggt sem geymsluskúr.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús, áhugavert m.t.t. þess hvernig eitt af elstu timburhúsum á svæðinu var breytt í hús sem lítur út fyrir að hafa verið byggt á 7. áratug 20. aldar.

Umhverfisgildi: Lágt Eftir breytingar hússins á 7. áratug 20. aldar, missti það tengsl sín við nærliggjandi hús.

Upprunalegt gildi: Lágt Húsinu hefur verið mikið breytt.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Ytra byrði hússins virðist vera í ágætu ástandi.

**Varðveislugildi:** Miðlungs Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluhlár lítur á korti

Fyrsti eigandi: Ásgeirsverslun

Upphafleg notkun: Geymsluhús

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Um 1866-1878



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk
Útveggir:	Timbur	Forskalað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Steinskifur	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Ris	Tvílyft; Ris; Viðbygging

**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

1939	Sótt um að byggja skúr á einni hæð við húsið.	ekki vitað
1941	Sótt um að byggja ofan á viðbyggingu sem var gerð nokkrum árum fyrr.	ekki vitað
1971	Gluggum í hluta hússins breytt.	ekki vitað

**Saga:**

Húsið er í dag forskalað timburhús á tveimur hæðum með geymslulofti. Var um tíma skipt í tvær eignir á tveimur hæðum, 15 og 15a. Húsið er skv. FMR sagt byggt árið 1870, en er mögulega eldra, byggt á árunum 1855-1858, þegar Ásgeiri skipherra er útmæld lóð fyrir pakkhusi niðurundan íbúðarhúsi hans. Í húsinu var aðalbúð Ásgeirsverslunar á Ísafirði og var í daglegu talið kallað Hornið. Þar var m.a. selt brennivín og bjór, þar til áfengisbannið tók gildi frá 1912-1932.

Það er því upphaflega byggt sem geymsluhús og verslun, en árið 1922 er búseta skráð í húsinu í fyrsta sinn.

Í virðingu á eignum Ásgeirsverslunar frá 1878 er húsinu lýst svo: „Sölubúð úr tré tvíloptuð með helluþaki 24 al löng 12 al breið 14 al há. „ Það var skúr við gafl hússins og hlið, báðir með hellulagt þak. Skúrarnir voru til að geyma fisk og vörur. Öðru megin í húsinu er vörugeymsla en í hinum endanum var sölubúð með borði.

EKKI finnst brunavirðing fyrir húsið eftir 1917. Það ár er húsið sagt tvílyft með háu risi og notað til verslunar og vörugeymslu. Nokkur hluti af öðrum gafli klæddur járni, klæðning 33mm borð. Þak er hella 80x80mm langböndum. Skúr er áfost hlið hússins, klædd 33mm borðum og járnklæddu þaki. Skúr áfost gafli hússins og skúrarinnar sem klædd er borðum og hella á þaki sem og 33mm borð.

Skúr 3x9 metra langur var byggður var við húsið Pollmeginn sennilega um 1940 og 1941 var sótt um að breyta skúrnum, sennileg með þeim hætti að hækka skúrinn um eina hæð, líkt og hann er í dag. Á þessum árum hefur húsið sennilega verið forskalað.

Hluti hússins skemmdist í eldi í kringum 1971, en burðarvirki þess slapp.

Árið 1971 er sótt um að breyta gluggagerð, sennilega í tengslum við endurgerð hússins eftir brunann og eru gluggar hússins í dag ekki samræmdir.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Upprunanlega danskt-íslenskt timburhús, sem byggt hefur verið við og það forskalað.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Upphaflega byggt sem geymsluhús og verslun, er nú íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hátt Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, það forskalað og byggt hefur verið við það.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblárlitur á korti

Fyrsti eigandi: L A Snorrason

Upphafleg notkun: Íbúð; Verslun

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð; Verslun

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Árið 2020, mynd: BB.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefnini:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk	1929	Suður hluti hússins færður nær götu.
Útveggir:	Timbur	Timbur	1945	Vörugeymsla byggð á baklóð hússins.
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1997	Breyting á gluggum 1 hæðar, endurnýjun þaks og þakgluggar.
Þakklæðning:	Skarsúð	Bárujárn	2003	Settir tveir þakgluggar á V.hlið rishæðar hússins.
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		Elísabet Gunnarsdóttir
Útlit:	Einlyft; Tvílyft; Ris	Einlyft; Tvílyft; Ris		ekki vitað

**Saga:**

Í virðingu frá því í nóvember 1878 er geymsluhúsið sagt 18 álnir á lengd, 12 á breidd og 10 að hæð hæð, úr tré. Samkvæmt gjörðabók byggingarnefndar frá 1876 er L.A. Snorrasyni heimilað að byggja geymsluhús að þessari staði í beinni línu við pakkhus Jóns Snikkara Jónssonar og plánverki Th. Thorsteinssonar sem sagt er í vesturhlíð Brunngötunnar. Í gjörðabók byggingarnefndar Ísafjarðarkaupstaðar frá 4. maí 1883 er L.A. Snorrasyni heimilað að byggja tvíloftað hús fyrir krambúð og geymslur, alls 13x14 álnir. Húsið skyldi vera áfast norðurgaffli pakkhusss í hans eigu. Í virðingu frá sama ári er húsið sagt tvíloftuð sölubúð af tré.

Um er að ræða tvö sambyggð timburhús, norður hlutinn er reistur árið 1876 en suðurhlutinn árið 1885. Suðurhlutinn er ein hæð með risi sem stendur á hlöðnum og steinsteyptum sökkli. Norðurhlutinn tvær hæðir og ris á steinsteyptum sökkli. Suðurhlutinn var upphaflega klæddur strikaðir plægðri skarsúð og var færður nær götu árið 1929. Norðurhlutinn var upphaflega byggður sem krambúð og geymsla með íbú á efri hæðinni. Austan við húsið og samtengt austurgaflí er stórt einlyft steinsteypt hús með skúrbaki sem nær norður og suður fyrir bæði timburhúsini. Það hús var sennilega byggt um 1945 og var endurnýjað árið 1983.

Árið 1991 óskaði Póstur og Sími, sem þá var eigandi hússins, eftir því að rífa það og byggja nýtt hús í staðinn. Húsafríðunarnefnd lagðist gegn niðurrifli hússins, m.a. eftir bráðabirgðaumsögn Elísabetar Gunnarsdóttur arkitekts og Jónu Símoniú Bjarnadóttur sagnfræðingi, sem þá unnu að gerð húskönnumar fyrir bæinn. Bæjarstjórn hundsar álit Húsafríðunarnefndar og samþykkir niðurrif hússins í byrjun september 1993. Í kjölfarið var húsið skyndifriðað í október 1993.

Rúmum mánuði síðar í nóvember 1993, var Aðalstræti 16 friðað af menntamálaráðherra og tekur friðunin til ytra borðs hússins, upprunalegrar verslunarinnréttigar og bitalofts á fyrstu og annarri hæð í norðurenda og lofta- og veggjaklæðninga í tveimur herbergjum á jarðhæð í suðurenda hússins.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Eru tvö sambyggð timburhús af dansk-íslenskri gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Upphaflega byggt sem geymsluhús, íbúðarhús og verslun, er nú íbúðarhús og verslun, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðlýst skv. ávkörðun ráðherra skv. 18. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:		Friðlýst hús - blár litur á korti

Fyrsti eigandi: Hinum sameinuðu íslensku verslanir.

Hönnuður: ekki vitað

Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun

Núverandi notkun: Íbúð / Þjónusta



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Steinsteyp  
Útveggir: Múrsléttáð  
Þakgerð: Valmaþak  
Þakklæðning: Steinskifur  
Undirstaða: Steinsteyp  
Útlit: Tvílyft / Ris

**Núverandi**

Steinsteyp  
Steining, skeljasandur  
Valmaþak  
Bárujárn  
Steinsteyp  
Tvílyft; Kvistir; Ris;  
Viðbygging

**Helstu breytingar:**

1928 Breyta húsinu, sérstaklega götuhið þess.  
1944 Breyting á þakklæðningu og bygging kvista.  
1967 Byggja símstöðvarhús á baklóð.  
1976 Setja lágt ris á símstöðvarhúsið.  
1992 Viðbygging

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað  
ekki vitað  
Gísli Halldórsson  
ekki vitað  
Jósef Reynis

**Saga:**

Húsið reist af Hinum sameinuðu íslensku verslunum árið 1920 og var sölabúð þeirra, gjarnan kallað glerhöllin eða strýtan. Húsið var með þakstífum eða þaktíuglsteini. Í húsinu var stór og glæsileg deildarskipt verslun á tveimur hæðum. Á götuhið hússins voru þrír stórir sýningargluggar á fyrstu og annarri hæð, hálfkúla með fánastöng var ofan á miðglugganum. Eftir gjaldþrot verslananna um 1928 eignaðist Póstur- og sími húsið og þar var rekið pósthús og símstöð næstu áratugina.

Til eru teikningar frá janúar 1920 merktar L. Bendixen Arkitekt Mariendalsvej 98 Telefon Godthaab 676.

Í október 1928 var sótt um að fá að breyta útliti hússins og þá voru sýningargluggarnir fjarlægðir, inngöngudyrum og gluggum breytt.

Árið 1944 voru þakstífur orðnar gamlar og lekar, þrátt fyrir ítrekaðar lagfæringer. Þá var sótt um að breyta þakinu, járnklæða það og byggja stóran kvist á risinu, á bæði götu og bakhlöð.

Árið 1967 var byggt símstöðvarhús á baklóðinni með flótu þaki, eftir teikningum Gísla Halldórssonar arkitekts. Nú árum síðar var sótt um að setja lágt hallandi þak á símstöðvarhúsið, vegna þess að það lak.

Árið 1992 var stótt um að gera viðbyggingu við húsið og er hún sögð byggð árið 1994 skv. fmr.

Ýmsar smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á gluggum, hurðum og öðru á húsinu í gegnum tíðina.

**Varðveisislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Steinsteyp hús á tveimur hæðum, upphaflega í nýklassískum stíl. Nokkuð breytt og síðar múrhúðað með skeljasandi. Er með háu og bröttu valmaþaki sem einkennir það.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Upphaflega deildarskipt verslun á tveimur hæðum með útstillingargluggum. Var pósthús og símstöð í áratugi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Áberandi í götumyndinni.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið mikil breytt, útstillingagluggar fjarlægðir, byggður kvistur og húsið múrhúðað með skeljasandi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveisslugildi:</b>	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblárlitur á korti	

Fyrsti eigandi: ýmsir

Hönnuður: Ingimundur Sveinsson, arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun

Núverandi notkun: Íbúð / Þjónusta



Árið 1985, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað
Þakgerð:	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt
Útlit:	Fjórlyft; Hornsneitt; Svalir; Kjallari

**Núverandi**

Steinsteypt
Hraunað
Mænisþak
Bárujárn
Steinsteypt
Fjórlyft; Hornsneitt; Svalir; Kjallari

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið er byggt sem íbúðarhús með verslunarrýmum á jarðhæð. Það er steinsteypt fjögurra hæða hús með hraunuðum útveggjum. Efsta hæðin er innregin og járnklædd.

Verslun ÁTVR var lengi í húsinu, flutti þaðan úr Aðalstræti 22.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Móðernískur í samræmi við byggingar frá 9. áratug 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Ýmsar verslanir hafa verið starfræktar á jarðhæð hússins.

Umhverfisgildi: Hátt Hornhús sem er áberandi í götumyndinni.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsinu hefur verið lítio breytt.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Miðlungs Fjórlyft hornhús með verlsunarrýmum á jarðhæð og íbúðum á efri hæðum.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jón Kristjánsson

Hönnuður: Ágúst Guðmundsson

Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð; Verslun

Núverandi notkun: Íbúð; Menningarstarfsemi; Verslun



Húsið 1933-34 Ljósmyndasafnið Ísafirði



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnin: Steinsteyp  
Útveggir: Múrsléttáð  
Þakgerð: Flatt þak  
Þakklæðning: Bárujárn  
Undirstaða: Steinsteyp  
Útlit: Þrílyft

**Núverandi**

Steinsteyp  
Múrsléttáð  
Flatt þak  
Bárujárn  
Steinsteyp  
Þrílyft

**Helstu breytingar:**

1935 Byggður geymsluskúr á baklöö.  
1985 Gluggum á fyrstu hæð breytt - póstar teknir úr.  
2002 stækkun 1. hæðar á bakhlið hússins, viðbygging með flötu þaki.

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað  
ekki vitað  
Elísabet Gunnarsdóttir,  
arkitekt

**Saga:**

Þann 6. mars 1933 sótti Jón Kristjánsson um leyfi til að byggja húsið og það var samþykkt 18. maí sama ár, með ýmsum breytingum. Húsið er teiknað af Ágústi Guðmundssyni. Húsið er þrílyft steinsteyp hús með flötu þaki.

Í húsinu voru upphaflega íbúðir á efri hæðum og verslanir á jarðhæð. Þá hafa einnig verið þar skrifstofur, útvarsstöð og sýningarsalur. ÁTVR var lengi með verslun sína í þessu húsi en það rými varð síðar Gallerí Slunkaríki og nú er þar Gallerí Úthverfa.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Einfalt og látaust steynsteyp hús með nýklassískum einkennum.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Verslunarrými á jarðhæð, íbúðir á efri hæðum.

Umhverfisgildi: Hátt Hluti af byggingarheild húsa við aðalverslunargötuna í bænum.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Lágt Ytra byrði hússins þarfast viðgerða og viðhalds.

**Varðveislugildi:** Hátt

Verndarflokkar: Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Skúli Eiríksson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð / Þjónusta

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Timbur, bindingsverk  
 Útveggir: Timbur  
 Þakgerð: Mænisþak  
 Þakklæðning: Bárujárn  
 Undirstaða: Steinsteyp特  
 Útlit: Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Svalir / Kjallari

**Núverandi**

Timbur, bindingsverk  
 Timbur  
 Einhalla (skúrbak)  
 Bárujárn  
 Steinsteyp特  
 Prílyft; Útitröppur; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1970 Þaki hússins lyft og bætt við einni hæð.  
 2021 Svalir endursmiðaðar og tvær nýjar úthúrðir.

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað  
 Magnús H. Alfreðsson

**Saga:**

Í gjörðabók byggingarnefndar þann 16. mars 1908 er Ragnhildi Sigurðardóttur heimilt að byggja hús á lóð sinni við Aðalstræti 18x14 álnir og með brunagöflum í báða enda. Í virðingu frá sama ári er húsið sagt 18x14,5 álnir, hliðarnar stokkbyggðar en gaflar úr steinsteypu sem og kjallarinn. Niðri er sölubúð en húsið að öðru leiti allt innréttat til íbúðar.

Byggingarnefnd bæjarins kom saman við húsið 1. október 1908 til að skoða eldvarnargafana og þóttu þeir of veikir og gerði nefndin ráðstafanir til að styrkja þá. Þar sem húsið talist of stórt á grunninum varð það ekki gert með öðrum hætti að en að steypa inn í viðinn. Í blaðinu Vestra í maí 1909 auglýsir Skúli K. Skúlason úrsmiður að hann sé fluttur með verkstæði sitt í nýja húsið við Aðalstræti (verslunin Bræðraborg).

Árið 1917 var húsið tvílyft timburhús með kjallara og risi. Það var klætt borðum en þakið bárujárnsvarið. Svalir voru á framhlið hússins. Það var áfastur skúr fyrir bakdyrum og útidyrum kjallara. Þaki hússins var lyft árið 1970 þegar það var í eigu Marzelíusar Bernharðssonar og bætt við einni hæð. Við það varð húsið orðið jafnhátt húsinu Aðalstræti 22. Þessi ofanábygging raskaði innbyrðist stærðarhlutföllum hússins og varð framkvæmdin ekki til þess að styrkja einkenni hússins.

Íbúðirnar í húsinu voru leigðar starfsmönnum skipasmíðastlöðvar Marzelíusar. Einnig hafa verið reknar ýmsar smáverslanir í húsinu og nú er þar kaffihús.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Upphaflega tvílyft timburhús (plankabyggt) á steyptum kjallara í sveitserstíl. Sennilega flutt tilsníðið frá Noregi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Verslunarrými á jarðhæð, íbúðir á efri hæðum. Verslunin Bræðraborg var lengi starfrækt í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af byggingarheild húsa við aðalverslunargötuna í bænum.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið breytt talsvert, Augnstungið á neðri hæðum og risið hækkað, svo húsið er nú talið þrílyft.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ytra byrði hússins virðist vera í ágætu ástandi.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólblár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti


Fyrsti eigandi: Tryggvi Jóakimsson

Hönnuður: Jón H. Sigmundsson

Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: lónaður / Verslun

Núverandi notkun: Íbúð / lónaður / Verslun



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttáð

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning: Bárújarn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Einlyft / Reykháfur / Kjallari

**Núverandi**

Steinsteyp

Múrsléttáð

Mænisþak

Bárújarn

Steinsteyp

Þrílyft / Kjallari

**Helstu breytingar:**

1982 Þrjár hæðir byggðar ofan á húsið.

1990 Sólstofa á svölum 4. hæðar.

1995 Viðbygging byggð á baklóð hússins.

**Hönnuðir breytinga:**

Óli Jóhann Ásmundsson, arkitekt

Elísabet Gunnarsdóttir

Verkfrst. Sigurðar Thoroddsen

**Saga:**

Árið 1933 sótti Tryggvi Jóakimsson um að byggja þétt að Bræðraborg að lóðamörkum Ólafs Kárasonar norðan megin.

Um var að ræða einlýfta húsaraðalengju sem seinna var byggt ofan á 3 hæðir.

Í brunavirðingu frá árinu 1934 er húsið sagt ein hæð með flötu þaki og kjallara. „Á hæðinni er ein stór stofa (afgreiðslustofa í banka) 2 búðir (vefnaðarvörubúð og brauðsölubúð) 5 herbergi 1 eldfastur klefi 2 salerni og gangur“.

Aðalbjörn Tryggvason tók við rekstrinum af föður sínum þegar hann kom frá Danmörku árið 1950 ásamt Ruth Tryggvason konu sinni. Fjölskylda þeirra sá um reksturinn til ársins 2021.

Árið 1973 voru í húsinu, ásamt Gamla Bakarínu, húsgagnaverslun, söluskrifstofur Eimskipafélagsins og Flugfélags Íslands.

Ýmsar verslanir hafa verið starfræktar á jarðhæð hússins s.s. húsgagnaverslun, leikfangaverslun (Bimbó), gjafavöruverslun, skóbúð, tiskufataverslun og hárgreiðslustofa.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Upphaflega byggt undir nýklassískum áhrifum og stóð lengi á einni hæð. Við hönnun ofanábyggingu hússins hefði mátt halda í betur í stileinkenni jarðhæðar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Verslunarrámy í jarðhæð, íbúðir á efri hæðum. Gamla bakaríð var starfrækt í áratugi í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af byggingarheild húsa við aðalverslunargötuna í bænum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Í langan tíma aðeins á einni hæð og gert ráð fyrir að byggt yrði ofaná húsið. Framkvæmdir hófust um 1980, og hefði mátt fylgja upprunalegum stíl hússins s.s. skrauti og gluggapóstum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt Á við um neðstu hæð hússins og kjallara, sérstaklega í ljósi upprunaleika jarðhæðarinnar.

Verndarflokkar: Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Ólafur Kárason  
 Hönnuður: Jón H. Sigmundsson  
 Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Verslun / Þjónusta  
 Núverandi notkun: Íbúð / Þjónusta



Teikning af húsinu sem 1. hæð árið 1928



Árið 2020, mynd: BB.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1933	Tvær hæðir byggðar ofan á húsið.
Útveggir:	Múrsléttar	Múrsléttar		ekki vtiað
Þakgerð:	Flatt þak	Einhalla (skúrbak)	1982	Fá að setja nýtt þak á húsið og hækka það f. skjalageymslu.
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	1994	4. hæð breytt í fundarsal og kaffistofu fyrir starfsmenn.
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		ekki vitað
Útlit:	Þrílyft; Kjallari	Fjórlyft; Kjallari	1997	Breyta fjórðu hæð í íbúð.

**Saga:**

Þann 25. apríl 1928 lagði Ólafur Kárason inn umsókn um að fá að byggja steinhús "eina hæð í einu."

Árið 1933 voru byggðar tvær hæðir ofan á það.

Hönnun þessara tveggja hæða töku mið af elstu teikningu af húsinu virðist hlutföll þess óbreytt. Þrátt fyrir að tvær dyr sem voru á húsinu séu nú orðnar að mjóum gluggum á milli tveggja flatsúlna, sem liggja upp eftir öllu húsinu.

Í brunavirðingu frá því í janúar 1934 er húsið sagt þrílyft með láréttu þaki og kjallara ásamt útbyggingu við fyrstu hæð.

Í upphafi var rekin verslun í húsinu og síðar bankaútitíbú Útvegsbankans.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Upphaflega einlyft steinsteyp hús með nýklassískum einkennum, 5. árum síðar var byggt ofaná það í sama stíl.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Upphaflega verslunarhús, nú skrifstofuhúsnæði, útitíbú Útvegsbankans var lengi starfrækt í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af byggingarheild húsa við aðalverslunargötuna í bænum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur verið lítið breytt frá því að lokið var við byggingu þess árið 1933, þó að byggð hafi verið inndregin rishæð á það árið 1982.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt

Verndarflokkar: Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: H.I Bull

Upphafleg notkun: Íbúð; Þjónusta

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Ljósmyndasafni Ísafjörður



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss:** Upphafleg

	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft; Portbyggt; Ris; Kjallari	Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Viðbygging; Kjallari

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Í virðingu frá árinu 1884 er íbúðarhús H.J. Bulls sagt byggt af stokkerki, 23 álnir á lengd, 12 á breidd og 6 á hæð. Henrik Johan Bull var norskur hvalveiðimáður og pólfari sem reyndi fyrir sér að Ísafjörður með þorskveiðum.

Húsið stóð þá á Eyrartúní en árið 1888 keypti Th. Thorsteinsson húsið og flutti það að Aðalstræti.

Í virðingu frá því sama ári, er húsið orðið tvílyft, neðri hæðin stokkbyggð en efri hæðin bindingsverk.

Húsið var aftur vrit árið 1896 og þá mikið endurbætt, allt málæd að utan og framhlíð þess skreytt. Á það voru komnar svalir og jámpumpa fyrir vatn var niður úr gólfirnu í forstofunni.

Árið 1908 var svo komin útbygging á húsið með stiga upp á efri hæðina.

Í húsinu var um nokkurt skeið símstöð og pósthús.

Húsinu hefur verið breytt tóluvert mikið. Bíslag með svölum, gluggaskraut og dyraumbúnaður hefur verið fjarlægt.

Byggingarleyfisumsóknir og aðrar heimildir sem tengjast breytingum á húsinu fundust ekki í skjalasafni byggingafulltrúa.

**Varðveislumat:**

Liðrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Tvílyft bárujárnsklætt timburhús í sveitserstíl, hefur verið mikið breytt og við það fjarlægst upphaflegu útliti tóluvert.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu, en einnig var símstöð og pósthús um skeið í húsinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs Er bakhús í dag.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Hefur verið breytt tóluvert, bíslag með svölum, gluggaskraut og dyraumbúnaður fjarlægður. Vanda hefði mátt endurbætur og vinna út frá upphaflegu útliti hússins.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Húsið hefur nýlega verið klætt með bárujárn, en frágangi í kringum glugga og hurðir er ábótavant.

**Varðveislugildi:** Miðlungs Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblárlitur á korti

Fyrsti eigandi: Ísafjarðarkaupstaður

Upphafleg notkun: Barnaskóli

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Grunnskóli

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - nýklassík



Tekin 1910-18. Ljósm. Thyra Juul. Myndasafnið



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Núverandi
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Viðbygging	Tvílyft / Viðbygging

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Hús barnaskólans var byggt árið 1901 eftir dönskum teikningum sem Leonhard Tang kaupmaður útvegaði. Hann gaf einnig lóð undir húsið.

Jón Laxdal sem sat í skólanefnd þegar ákveðið var að byggja húsið bauð til að byggja það fyrir 9500 kr. og var því tekið.

Húsið vígt 7. október 1901. Byggingarleyfið var afgreitt í byggingarnefnd 21 apríl 1901.

Húsið var fyrst ein hæð frá 1901 til 1906

Ákvörðun um hækkan hússins var tekin á bæjarstjórnarfundi 21 apríl 1906.

Í brunavirðingu frá árinu 1916 er húsið sagt tvær hæðir með lágu risi. Áfast við húsið er leikfimihús sem er ein hæð og lágt ris en auk þess er forstofa, 3 skúrar, skýli og port.

Árið 1927 var lagður fram uppráttur að stækkun á skólahúsinu, þannig að leikfimihúsið yrði breikkað jafnt stigaforstofunni og byggð hæð ofan á það. Árið 1933 var byggð álma til austurs.

Árið 1970 fékk húsið nýjan tilgang þegar menntaskóli var settur í húsinu og var þar til ársins 1985.

Árið 2006 var húsið rifið, nema framhlið þess sem var látin halda sér. Það var gert í tengslum við byggingu nýs grunnskóla þar sem allar byggingar grunnskólans við Austurveg og Aðalstræti voru sameinaðar í eina heild.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Timburhús á tveimur hæðum undir nýklassíksum áhrifum á framhlið.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Barnaskóli Ísafjarðar frá upphafi og síðar Menntaskóli Ísafjarðar.

Umhverfisgildi: Hátt Er áberandi í götumyndinni og vitnisburður um það sem áður var.

Upprunalegt gildi: Lágt Ekkert er eftir af húsinu nema framhlið þess.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði er vel við haldið.

**Varðveislugildi:** Hátt Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi: Ísafjarðarbær  
Hönnuður: Einar Ólafsson, arkitekt  
Upphaflegur byggingarstíll: 21. öldin

Upphafleg notkun: Grunnskóli  
Núverandi notkun: Grunnskóli



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttá og gler	Múrsléttá og gler
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak
Þakklæðning:		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Kjallari	Tvílyft; Kjallari

**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Árið 2001 var haldin samkeppni um viðbyggingu við grunnskóla Ísafjarðar. Framkvæmdir hófust um 2006 og var byggingu hússins lokið árið 2008.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einkennandi byggingarstíll fyrir byggingar í upphafi 21. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Viðbygging við grunnskóla.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Tiltölulega látlauost og sker sig frá eldri skólabyggingum grunnskólans sem það tengir saman.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verð breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Miðlungs

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ísafjarðarkaupstaður  
Hönnuður: Gunnlaugur Pálsson, arkitekt  
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Barnaskóli  
Núverandi notkun: Grunnskóli



Jón Páll halldórsson/Ljósmsafnið Ísafirði



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefní:	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttar
Þakgerð:	Einhalla (skúrbak)
Þakklæðning:	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Ris / Kjallari

**Núverandi**

Steinsteypt
Múrsléttar
Einhalla (skúrbak)
Bárujárn
Steinsteypt
Tvílyft / Kjallari

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Grunnskóli Ísafjarðar er starfræktur í húsinu.

Er tvílyft steinsteypuhús með kjallara.

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun

Hönnuður: Ragúel Árni Bjarnason

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Um 1915. mynd: B.P. (1966\_7D)



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingar	Níður:	Timbur, bindingar
Útveggir:	Timbur		Timbur
Þakgerð:	Tvíhalla (skúrbak)		Tvíhalla (skúrbak)
Þakklæðning:	Bárujárn		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt		Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Hornsneitt;		Tvílyft; Útitröppur;
	Útitröppur; Kjallari		Viðbygging; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1974	Húsið stækkað til suðurs upp að Aðalstræti 26.
1976	Byggð bílageymsla og anddyri á húsið.

**Hönnuðir breytinga:**

Ól. Sig.

**Saga:**

Pann 15. nóvember 1904 er Karlí Olgeirssyni heimilað að byggja hús, 13x16 álnir, á horni Silfurgötu gegnt húsi Björns Guðmundssonar. Honum var vísað á hússtæði í áframhaldi af húsi Finns Thordarsen, 13 álnir út að Aðalstræti og 14 álnir út að Silfurgötu.

Í viröingu frá árinu 1906 er húsið sagt 15x13 álnir, tvílyft úr tré en ailt járnklætt að utan. Steinsteypur kjallari er undir öllu húsinu.

Árið 1918 var húsinu breytt lítilega.

Árið 1930 sækir Karl Olgeirsson um að lengja húsið um ca. 13 fet niður með Silfurgötunni. Í umsókninni skrifaoði hann: "Hvort þessi stækkun yrði jafnhá húsinu eða aðeins einnar hæðar skúrbygging við húsið - þætti mér vænst um að mega ákveða í samráði við herra bæjarfulltrúa Jón H. Sigmundsson, sem jeg hefi lítilsháttar átt tal við um þetta efni. Þessi fyrirhugaða stækkun hússins er ætluð í þeim tilgangi að Guðmundur sonur minn geti haft íbúð í húsinu líka."

Árið 1970 var húsið klætt með lóðréttu timbri.

Árið 1974 var húsið stækkað til suðurs upp að Aðalstræti 26.

Árið 1976 var byggt við það anddyri og bílageymsla á baklöðinni.

Árið 1983, söttu þáverandi einn af eigendum hússins (sennilega efri hæðarinnar), Kristján Kristjánsson um að hækka þak hússins, vegna þráláts leka og vegna þess að hús Útvegsbankans hefði hækkað og þar af leiðandi safnaðist meiri snjór á þakið en áður var.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Bárujárnssveitser. Útbyggingin á horninu er megin sérkenni hússins auk þess sem skrautbekkur undir þakskeggini.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Verslunarhús á jarðhæð, íbúð á efri hæð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Hornhús. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu. Heild með
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nokkuð breytt frá upprunalegri gerð. Byggt var við það í sama stíl uppað Aðalstræti 26 árið 1974.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

Varðveislugildi:	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblárlitur á korti	

Fyrsti eigandi: Jackob Bye, Röd og Kruge

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun / Bakarí

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð; Verslun

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



mynd: Gunnar Guðmundsson, alb\_5\_097



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefní: Timbur, bindingsverk  
Útveggir: Timbur  
Þakgerð: Mænisþak  
Þakklæðning: Bárujárn  
Undirstaða: Steinsteyppt  
Útlit: Einlyft; Tvílyft; Ris;  
Viðbygging; Kjallari

**Núverandi**

Timbur, bindingsverk  
Timbur  
Mænisþak  
Bárujárn  
Steinsteyppt  
Einlyft; Tvílyft; Ris;  
Viðbygging; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1968	Stækka tvo af gluggum vesturhlíðar sem hafði áður verið breytt.	ekki vitað
1978	Útlitsbreyting á gluggum jarðhæðar, þ.e. korss gluggapóstar fjarlægðir.	S.H.
1989	Sett skyggni yfir glugga jarðhæðar og húsið klætt panel.	Teiknist.DH; A.K.
2017	Framkvæmdir hefjast við að endur byggja húsið í upprunalegri mynd.	Tæklnipj. Vestf.; SOS og GG

**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Pann 27. maí 1884 er J. Bye heimilt að byggja hús á horni Silfurgötu og Brunngötu. Lóðin var alls 631 feralin en húsið sjálft 18x12 álnir. Í virðingu frá 1884 eru metin íbúðarhús Kruge kaupmanns og árið eftir er eitt hússanna endurmetið. Þá var komin í það brauðsölbúð og bakarí m.a. með hlönum bökunarofni. Húsið er trébinding og á því útbygging sem er tvíloftuð og með kjallara. Í báðum eru íbúðarherbergi.

Jacob Bye kom til Ísafjarðar sem bakari og vann hjá Þorsteini Þorsteinssyni. Jacob setti á fót eigið bakarí árið 1884 í samvinnu við Röd og Kruge sem fékk nafnið norska bakaríð og reistu þeir þetta hús neðan við barnaskólan í jaðri Hæstakaupstaðarlóðarinnar.

Ásgeirsverslun eignaðist síðar húsið.

Árið 1917 er húsið einlyft timburhús með risi og kjallara, klætt borðum og járni. Áfast við hlið hússins er tvílyft timburhús og skúrar áfastir gafli bakhlið og eldhúsdyrum

Á sjóunda og áttunda áratug tuttugustu aldar var húsinu mikið breytt og þar var lengi vel starfrækt verslunin Straumur og síðar verslunin Þristur.

Í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á grunnskólanum árið 2007 stóð til að rífa húsið, en Húsafríðunarnefnd lagðið gegn því. Upp frá því var fyrirhugað að fara í endurbætur á húsinu. En það var ekki fyrir en árið 2017 hófust framkvæmdir við endurbyggingu hússins í upprunalegri mynd og lauk þeim nokkrum árum síðar.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Einfalt timburhús með bröttu risi, inngangur á gafli frá Silfurgötu, útstillingargluggar að Brunngötu. Viðbygging á tveimur hæðum byggð stuttu síðar meðfram Silfurgötu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Norska bakaríð. Verslunin Straumur frá 1978.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Hefur verið endurbyggt í upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi: Jóhann Þorsteinsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun

Hönnuður: Ragúel Árni Bjarnason

Núverandi notkun: Íbúð; Verslun

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnni: Timbur, bindingsverk  
 Útveggir: Bárújárn  
 Þakgerð: Tvíhalla (skúrbak)  
 Þakklæðning: Bárújárn  
 Undirstaða: Steinsteyppt  
 Útlit: Tvílyft; Hornsneitt; Kjallari

**Núverandi**

Timbur, bindingsverk  
 Bárújárn  
 Tvíhalla (skúrbak)  
 Bárújárn  
 Steinsteyppt  
 Tvílyft; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1954 Breyting á neðri hæð vegna verslunarrekstur s.s. gluggabreytingar  
 2006 Sótt um að breyta gluggum á neðri hæð til upprunalegs horfs.

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað  
 ekki vitað

**Saga:**

29. mars 1905 heimilaði byggingarnefnd bæjarins Jóhanni Þorsteinssyni að byggja hús á lóð sinni við Silfurgötu, 18x14 álnir. Það skal standa í línu við hús Karls Olgeirssonar og Friðbergs Stefánssonar.

Í virðingu frá 1906 er húsið sagt tvíloftað af trébinding, 18x14 álnir. Það er allt járnklætt og undir því öllu er kjallari. Niðri í húsinu er m.a. sölubúð en uppi 6 herbergi og eldhús.

Árið 1917 er húsið tvílyft timburhús með flötu þaki og kjallara, klætt bárújárn. Einlyft hús áfast hlið þess. Gluggar á jarðhæð hafa verið stækkaðir.

Baldur Johnesen héraðslæknir sótti um að byggja bílskúr á lóðinni 1945 en því var synjað.

Árið 1954 sótti Sigríður Jónsdóttir sem rak verslunina Dagsbrún í húsinu, um að breyta inngangi og gluggum á neðri hæð hússins.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Bárújárnssveitser. Útbyggingin á horninu er megin sérkenni hússins auk þess sem skrautbekkur undir þakskeggini og skreyti í gluggaumbúnaði er eftirtektarvert.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Á jarðhæð var upphaflega nýlendu- og áhnávruverslun Jóhanns Þorsteinssonar og síðar verslunin Dagsbrún sem Sigríður Jónsdóttir rak. Íbúð á efri hæð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu. Heild með Silfurgötu 2.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

Varðveislugildi:	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólblárlitur á korti

Fyrsti eigandi: Árni Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun

Hönnuður: Árni Sveinsson, smiður

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Ljósmyndasafnið Ísafirði



Árið 2020, mynd: BB.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefní:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk	1969 Tröppur við vestur hlið færðar nær götu og gerðar bílskúrsdyr á úтиhús.	D.S.
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	1974 Byggðour inngönguskúr/bíslag austan megin á húsinu.	D.S.
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1981 Stækka kvist norðan megin á þakinu.	ekki vitað
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	2006 Glugga á rishæð v.hlið breytt í svalahurð og tröppum á v.hlið snúið.	
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt	2006 Bílskúr (úтиhús) rifinn.	
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Kjallari		

**Saga:**

Byggingarnefnd kaupstaðarins samþykkti þann 19. ágúst 1905 að Árni Sveinsson kaupmaður fengi leyfi til að byggja hús við Silfurgötu, í kálgarðinum austanvert við norska bakaríð. Húsið yrði 16x12 álnir með útskoti á báðum góflum sem og skúr að húسابaki.

Í virðingu frá 1906 er húsið sagt 16x12 álnir með tveimur útbyggingum 3x7 og 3x5 álnir. Húsið er byggt úr tré, ein hæð með porti og járnklætt. Kjallari er undir öllu húsinu. Á neðri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og söluþúð en á efri hæð eru íbúðarherbergi.

Árið 1916 er húsið einlýft timburhús með portbyggðu risi, kvisti og kjallara, klætt bárujárn.

Árið 1919 mun innréttingu hússins hafa verið gjörbreytt.

Útliti hússins hefur einnig verið gjörbreytt m.a. settur kvistur á austurhlíð og byggt við anddyri.

Verönd sem var á suðurhorni hefur nú verið lokað.

Í húsinu hafa á tímabili búið þekktir menn t.d. Árni Sveinsson kaupmaður árið 1909, Benedikt Þórarinsson kaupmaður árið 1916, Vilmundur Jónsson læknir árið 1920 og Kristján H. Jónsson læknir árið 1924.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Bárujárnsklætt timburhús í sveitserstíl.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu. Verslun var rekin í húsinu um tíma. Ýmsir þekktir bæjarbúar hafa búið í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrringu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð. Bíslag byggt 1974.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblárlitur á korti	

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: ekki vitað

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun / Þjónusta / Íbúð / Hótel /

Veitingastaður / Þjónusta / Verslun

Núverandi notkun:



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefní:

Útveggir: Timbur

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Líklega rennisúð

Undirstaða:

Útlit: Tvílyft / Ris / Kjallari

**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

1920 Sótt um að byggja skúr til að opna verslun í við hlið hússana.

ekki vitað

1926 Sótt um að byggja bílskúr við hlið verkstæðis við hlið Vedholmshús.

ekki vitað

1929 Sótt um að breyta verslunarskúr sem síðar var smíðaverkst í íbúð.

ekki vitað

1933 Byggkja skúr við húsið til afnota við seгласum og netabeitingar.

ekki vitað

1956 Endurbygga og stækka bílgeymslu á löðinni.

ekki vtiað

**Saga:**

Samkvæmt gjörðabók byggingarnefndar 1866 var lóð Veðhólms 2925 ferálínir í virðingu frá 1878 er húsið sagt úr tré, 16x7x17 álnir og með skúr við hliðina á húsinu.

Jón Vedholm rak þarna lengi vel gildaskála sem svo var kallað og voru bæjarstjórnafundir haldnir þar framanaf. Vedholm þótti gamansamur og til eru ýmsar sögur af honum. Í fyrstu kallaði hann sig Jóhann Vedholm en síðar Jón. Skýring hans var sú að hann hafi verið tvíburi en þegar annar þeirra dó var ekki víst hvor þeirra, Jón eða Jóhann, það var þar sem þeir þekktust ekki í sundur. Því héti hann annaðhvort Jóhann eða Jón.

Í Vedholmshúsi fóru líka fram fyrstu kosningar til bæjarstjórnar í kaupstaðnum.

Húsin eru samþyggð, bæði eru tvílyft timburhús með risi og kjallara, klædd járni og borðum árið 1916 og 1917.

Áfastir skúra voru þá við húsin sem hafa verið stækkaðir og breytt í tímans rás, eins og húsunum öllum.

Í færslum um húsin hjá byggingarfulltrúanum er erfitt að greina á milli hvað á við um hvaða hús og því eru þau öll sett saman hér í eina færslu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Upphaflega einföld timburhús og skúrbyggingar, sem hafa stækkað, hækkað og breyst í tímans rás.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu og gistirekstur um tíma.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hafa mikið gildi fyrir götumyndina. Eru hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur verið mikið breytt í gegnum tíðina.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsunum virðist ágætlega haldið við.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Þau eru friðuð skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyra einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblár litur á korti	

Fyrsti eigandi: Jón S. Edwald

Upphafleg notkun: Íbúð / lónaður / Verslun / Þjónusta

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð; Verslun; Þjónusta

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Um 1975. Mynd: Leó Jóhannsson.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Einhalla (skúrbak)	Einhalla (skúrbak)
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Útitröppur; Kjallari	Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Útitröppur; Viðbygging; Kjallari

**Núverandi****Helstu breytingar:**

1967	Breyta gluggum að neðri hæð - húsið augnstungið.	Þórir Þórisson
1970	Breyta gluggum á eftir hæð - húsið augnstungið.	Þórir Þórisson
2000	Breyting á glugga í viðbyggingu hússins.	Ingibjörg Snorradóttir

**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Byggingarár númerandi húss er ekki vitað með vissu, en það er byggt á árunum 1900-1915. Áður en það var byggt stóð þar annað hús, því að í virðingu frá árinu 1878 er hús á lóðinni sagt 11x7x7 álnir með íbúðarherbergjum uppi og niðri. Á lóðinni stóð þá líka bær með torfþaki.

Árið 1915 var gerð virðing fyrir húsið sem stendur í dag sem var þá í eigu Jóns Edwald. Það var þá sagt 12x12 álnir tvílyft af trébinding og járnvarið. Við húsið var skúr úr sama efini og einnig járnvarinn. Á efri hæð var íbúð en niðri var verslunarrými. Árið 1916 telst húsið vera tvílyft timburhús með portbyggðu risi og kjallara. Áfastur skúr við enda þess.

Á neðri hæðinni rak Jón Samúelsson Eðwald verslun um tíma og nefndi húsið Skrifnuna, því honum fannst lagið á húsinu minna á matarskrínu og loddi það lengið við húsið. Um Jón Eðwald var sagt að hann væri bóngóður og glaður í viðmóti enda vinsæll verslunarmaður. Síðar keypti Guðmundur Brynjólfur og kona hans NN Skrifnuna og ráku þar verslun með matvörur, nýlenduvörur og efnisafganga sem þau seldu eftir vigt. Þessir efnisafgangar hafa sennilega verið keyptir af staðri vefnaðarvöruverslunun og gátu oft verið nokkrir metrar að lengd og töldu húsmæður sig oft gera góð kaup í þeim. Guðmundur féll frá árið 1938 og þá keypti Páll Jónsson verslunina og rak þar matvöru og nýlenduvöruverslun í nokkur ár, þar til hann flutti til Reykjavíkur árið 1946 og keypti þá Kaupfélag Ísfirðinga verslunina.

Árið 1967 var gluggum breytt á neðri hæð í tengslum við starfrækslu efnalaugar í húsinu, en þá þurfti betri loftræstingu og sett var vifta í glugga á jarðhæð.

Árið 1970 er gluggum á efri hæð einnig breytt og húsið augnstungið í annað sinn. Á teikningum sem fylgja erindinu má sjá að á neðri hæð hafa verið 9 rúður í hvorum glugga og á efri hæð 6 rúður í hvorum glugga.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Einfalt timburhús á tveimur hæðum með sveitsereinkennum, klætt bárujárni.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Verslun (efnalaug um tíma og nú rakarastofa) á jarðhæð, íbúð á efri hæð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrringu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð, en glugga mætti færa til upprunalegs horfs.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

Varðveislugildi:	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblárlitur á korti	

Fyrsti eigandi: Bökunarfélag Ísfirðinga

Upphafleg notkun: Íbúð; Iðnaður; Verslun; Bakarí

Hönnuður: Ragúel Árni Bjarnason

Núverandi notkun: Íbúð; Iðnaður; Bakarí

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingsverk	Núverandi
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Svalir / Kjallari	Tvílyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir; Kjallari

**Helstu breytingar:**

2003	Ytra og innra byrði hússins endurnýjað í sömu mynd og áður.
------	--

**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Í virðingu frá 1906 er húsið virt í tvennu lagi, annarsvegar er hluti Kristjáns H. Jónssonar riststjóra og hinsvegar Bökunarfélags Ísfirðinga. Húsið er sagt 16x15 álnir, tvíloftað með porti risi og kvistum. Það er úr timbri og allt járnvarið. Steyptur kjallari er undir öllu húsinu. Í enda Kristjáns eru íbúðir en í enda bökunarfélagsins er sölubúð ásamt íbúðarherbergjum.

Árið 1916 er húsið sagt tvílyft timburhús, portbyggt með kvistum, risi og kjallara, klætt bárujárn. Skúr fyrir bakdyrum á efri enda svo og skúr fyrir útidyrum kjallara.

Húsið er eitt af fyrstu eiginlegu samþyggjóu húsunum í bænum. Þegar mest var bjuggu um 56 manns í húsinu.

Árið 1993 fóru fram miklar endurbætur á húsinu og niðurrif á skúrbyggingum á lóðinni.

Í húsinu hafa ekki aðeins verið íbúðir, heldur einnig bakarí (Félagsbakaríð), verslunarrekstur, trésmiðja og prentsmiðja.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Tvílyft bárujárnsklætt timburhús í sveitserstíl með risi, kvistum og á steyptum sökkli.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu. Eitt af fyrstu eiginlegu fjölbýlishúsum Ísafjarðar. Félagsbakaríð um langt skeið starfað í húsinu.

Umhverfisgildi: Hátt Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrringu timburhúsa sem standa á svæðinu.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: ekki vitað

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnni:	Timbur, bindingsverk	Níðaróslundur
Útveggir:	Líklega timburklætt	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Líklega rennisúð	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft; Ris	Einlyft; Ris; Viðbygging

**Núverandi****Helstu breytingar:**

1930	Stækka inngögnuskúr/bíslag og breyta innganginum.
------	--

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað

**Saga:**

Í brunavirðingu frá 1916 er húsið sagt Silfurgata 12a; einlyft með lágu risi. Kjallari er undir húsinu. Í húsinu er skorsteinn, vatns- og skolpleiðslur. Húsið er til íbúðar en þar er einnig sagt gullsmíðaverkstæði. Það er áfast öðru húsi með sama húsnúmeri. Húsið hafði verið í eigu Jóns H. Guðbrandssonar skósmiðs en er í eigu ekkju hans 1916.

Árið 1930 er sótt um leyfi til að stækka forstofu sem er áfost húsinu og breyta inngangsdyrum.

Árið 1938 er húsið einlyft timburhús með risi og kjallara, klætt járni.

Gistirekstur hefur lengi verið starfræktur í húsinu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Upphaflega einfalt timburhúshús af dansk-íslenskri gerð, í dag klætt bárujárn.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hátt Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrringu timburhúsa sem standa á svæðinu.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð og ekkert verið breytt frá árinu 1930.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: ekki vitað

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingar	Núverandi
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Líklega rennisúð	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Viðbygging

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Árið 1866 bjó Guðbjartur Jónsson skipherra í húsinu.

Í virðingu frá 1878 er húsið sagt timburhús, 12x8,5x8,5 álnir með anddyri. Árið 1898 er byggður skúr við hlið hússins.

Taldist áður vera númer 12.

Árið 1917 var húsið sagt einlyft timburhús með risi, klætt 33mm borðum, þakið klætt borðum. Áfastur skúr við bakhlið.

Bíslag var sennilega ekki sett á fyrr en eftir árið 1973, en það ár eru skúrbyggingarnar við húsið komnar.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Dansk-tíslenskt timburhús, með nú bárujárnsþaki og skarsúð á útveggjum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur verið við húsið, bæði bíslag og lágreistar viðbyggingar/skúrbyggingar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblárlitur á korti	

Fyrsti eigandi: Helgi Þorbergsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Steinsteypt	Núverandi
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris / Kjallari	Einlyft; Ris; Kjallari

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Þann 3. ágúst 1923 sótti Helgi Þorbergsson um að fá að lóð undir einlyft steinhús á lóð þeiri sem bær Bjarna Grímssonar stóð á.

Það var samþykkt þó bannig að haft yrði samráð við skipulagsnefnd.

Á næsta fundi nefndarinnar lá fyrir að skipulagsnefndin myndi ekki gera athugasemdir og lóðarúthlutunin samþykkt þannig að húsið stæði samhliða Skipagötu.

Húsið var um tíma kallað Holt og skráð t.d. þannig í manntalsbók 1940 og taldist þá vera númer 13.

Bílskúr var byggður á lóðinni árið 1975.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Einfalt timburhús með sveitsereinkennum klætt bárujárn.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrringu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:  
Upphaflegur byggingarstíll: ekki þekktur

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg****Núverandi**

Byggingarefni:

Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft; Ris	Einlyft; Ris

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Það var Eiríkur Kristófersson smiður og Sigurður R. Guðmundsson mýrarameistari sem byggðu húsið fyrir Magnús Arnórsson. Teikningarnar eru merktar Sundstræti 15 en hús Magnúsar sem var rifið hafði það númer.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Hátt

Tæknilegt ástand: Hátt

**Varðveislugildi:** Miðlungs

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ingimar Ólafsson og Viggó Bersveinsson

Hönnuður: Páll Kristjánsson, smiður

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttar

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning:

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Tvílyft; Útitröppur;

Kjallari

**Núverandi**

Steinsteyp

Múrsléttar

Flatt þak

Steinsteyp

Tvílyft; Útitröppur;

Kjallari

**Helstu breytingar:**

1990 Sótt um að byggja bílskúr á lóðinni afastan húsinu.

1993 Sótt um að byggja sólskála úr timbri á 2. hæðum sunnan megin við húsið.

**Hönnuðir breytinga:**

Tæknipjónusta Vestfjarða

Tæknipjónusta Vestfjarða 2. hæðum sunnan megin við húsið.

**Saga:**

Í apríl 1933 sóttu Ingimar Ólafsson og Viggó Bergsveinsson um lóð undir íbúðarhús á Riistúni sunnanvert við Aðalstræti 42. Þar sem húsið myndi brjóta í bága við leigurétt Nathans & Olsen ofl gat nefndin ekki fallist á þetta en bendir á lóð við Skólagötu. Í sama mánuði er svo afgreidd umsókn frá þeim og Soffíu Jónsdóttur um tvílyft steinhús með kjallara, húsin eru samþyggð.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Steinsteyp hús sem er byggt undir áhrifum funksistefnunnar, sem var að ryðja sér til rúms í landinu. Litlir gluggar samrýmast þó ekki stefnunni og raska í raun öllu jafnvæg í húsinu.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Án tengsla við önnur hús á svæðinu.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Miðlungs

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Soffía Jónsdóttir

Hönnuður: Páll Kristjánsson, smiður

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Steinsteypt	Núverandi
Útveggir:	Múrsléttar	Múrsléttar
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Útitröppur; Kjallari	Tvílyft; Útitröppur; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1962 Byggður bílskúr á lóðinni.

**Hönnuðir breytinga:**

Sig. Guðjónsson

**Saga:**

Í apríl 1933 sóttu Ingimar Ólafsson og Viggó Bergsveinsson um lóð undir íbúðarhús á Riistúni sunnanvert við Aðalstræti 42. Þar sem húsið myndi brjóta í bága við leigurétt Nathans & Olsen ofl gat nefndin ekki fallist á þetta en bendir á lóð við Skólagötu. Í sama mánuði er svo afgreidd umsókn frá þeim og Soffíu Jónsdóttur um tvílyft steinhús með kjallara, húsin eru samþyggð.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Steinsteypt hús sem er byggt undir áhrifum funksistefnunnar, sem var að ryðja sér til rúms í landinu. Litlir gluggar samrýmast þó ekki stefnunni og raska í raun öllu jafnvæg í húsinu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Án tengsla við önnur hús á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Miðlungs

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Hannibal Valdimarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Sigurður Guðjónsson

Núverandi notkun: Skólahúsnæði

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi



Mynd: Leó Jóhannsson.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað	Hraunað
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak
Þakklæðning:	Pappi	Pappi
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Hornsneitt; Turn	Tvílyft; Hornsneitt; Turn

**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Árið 1947 sótti Hannibal Valdimarsson þá bæjarfulltrúi og síðar alþingismaður og ráðherra, um að byggja hús á lóðinni eftir teikningum Sigurðar Guðjónssonar.

Húsið er tvílyft steinsteypuhús með flötu þaki. Skreytingar er á brúnum efra þaks, nokkurskonar kastalaturn.

Um horninngang hússins var gert ráð fyrir sölu ritfanga.

Seinna var umböðsverslun/heildsala rekin í húsinu, læknaskrifstofur og skattstofa.

Síðar eignaðist Ísafjarðarkaupstaður húsið og þar voru skrifstofur og síðar skóladagheimili.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Steinsteypt hús á tveimur hæðum með fúnkís áhrifum. "Kastalaturninn" (stigagangur) á húsinu er einkennandi fyrir það og gerir það sérstakt.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, byggt fyrir Hannibal Valdimarsson skólastjóra gagnfræðaskólans.

Umhverfisgildi: Hátt Einstakt hús og sérstætt í umhverfinu

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Ytra byrði hússins þarfast endurbóta og sprunguviðgerða. Heppilegra hefði verið að staðsetja rafmagnskassa á öðrum stað við götuna.

**Varðveislugildi:** Hátt Einstakt hús með sérstæðu útliti. Mikilvægt að það fái viðhald sem fyrst til að forða því frá frekari skeimendum.

Verndarflokkar: Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Magnús Örnólfsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Um 1975. mynd: Leó Jóhannsson.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Timbur, bindingsverk

Útveggir: Bárújárn

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Undirstaða: Steinsteyppt

Útlit: Tvílyft; Útitróppur;

Kjallari

**Núverandi**

Timbur, bindingsverk

Bárújárn

Mænisþak

Bárújárn

Steinsteyppt

Tvílyft; Inngönguskúr

(bíslag);

Glærskáli/Sólstofa;

Útitróppur; Viðbygging;

Kjallari

**Helstu breytingar:**1930 Steinsteypptur skúr norðan við húsið  
breytt til íbúðar.1969 Flytja dyr frá gafla á hlið og að gluggi  
komi í stað dyranna.1969 Dyr á gafla fluttar á langhlið hússins  
(skúrbyggingin).1990 Áður gerðar breytingar samþykktar,  
bíslag og sólstofa.2011 Tvær íbúðir í húsinu (1 og 1a)  
sameinaðar í eina. (gert árið 1990)**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað

ekki vitað

ekki vitað

ekki vitað

ekki vitað

**Saga:**

Í júní 1903 afgreiddi byggingarnefnd kaupstaðarins erindi Magnúasr Örnólfssonar skipstjóra um að fá lóð Kristjáns H. Jónssonar prentara til að byggja hús 12x10 álnir. Þetta heimilað þó bannig að húsið verði 9,5 alin að breidd frá torggötunni í stefnu yfir að stakitti S. I. Nielsens kaupmanns. Þá var sett það skilyrði að húsið stæði 0,5 alin utan við eða norðan við ljóskersstólpnum sem stendur við torggötuna.

Árið 1912 er kominn steyptur skúr við húsið

Árið 1916 er húsið sagt tvílyft með lágu risi og steyptum kjallara. Skúr fyrir eldhúsdyrum og geymsluskúr áfastur norðurhlíð.

Árið 1921 er húsið sagt tvílyft timburhús með risi og kjallara, klætt bárújárn.

Áfastur skúr fyrir eldhúsdyrum, geymsluskúr áfastur norðurenda. Honum var síðar breytt í íbúð.

Árið 1990 eru samþykktar nýgerðar framkvæmdir við húsið, bygging sólstofu og inngönguskúrs, sem ekki hafði verið sótt um byggingarleyfi fyrir áður en framkvæmdir hófust.

Árið 1990 voru tvær íbúðir í húsinu sameinaðar í eina, en það var ekki formlega samþykkt fyrr en 2011.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Einfalt timburhús á tveimur hæðum, með sveitereinkennum.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hátt Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, byggt við það bíslag og gerð sólstofa.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblárlitur á korti

Fyrsti eigandi: Kristján Arngrímsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Um 1927; mynd í eigu GKH.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnni:	Timbur, bindingar	Núverandi
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Líklega rennisúð	Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í mún	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft; Ris; Kjallari	Einlyft; Ris; Viðbygging; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1978	Húsið stækkað og breytt til núverandi gerðar.
2001	Sótt um að breyta glugga í dyr á suðurhlíð hússins.

**Hönnuðir breytinga:**

Hallgrímur Axelsson

**Saga:**

Árið 1866 er lóð Kristjáns Arngrímssonar sögð 1896 feralin, Kristján var klénsmiður (járnsmiður).

Kristján og Jónína Jónsdóttir kona hans eignuðust því börn: Lúðvík, Guðrúnu Jörgínu og Kristjönu Jensínu.

Guðrún bjó í húsinu til ársins 1968 ásamt manni sínum Hannesi Halldórssyni framkvæmdastjóra sem dó árið 1962, þau eignuðust einn son Hafstein Ormar Hannesson. Hafsteinn var virkur í félagsstörfum á Ísafirði og var m.a. skátaforingi hjá Einherjum. Hann vann alla tíð hjá Landsbankanum, lengi á Ísafirði og síðar sem útibústjóri á Eskifirði og í Grindavík.

Í virðingu frá 1878 er húsið sagt standa við torgið. Það er 13x9x9,5 álnir með anddyri og skúr við gaflinn.

Á lóðinni er einnig smiðjuhús en gatan tók nafn sitt af smiðjunni.

Tveir inngangar eru í húsið og sá inngangur sem snýr að Tangagötu var og er notaður dagsdaglega. Inngangurinn að Smiðjugötu var frekar notaður til spari og fyrir gesti. Áður en húsinu var breytt og það stækkað árið 1978, voru á bakhlið þess tveir inngangar, annar inn í aðalhúsið og hinn upp á rishæð hússins, sem var leigð út.

Eins og í flest öllum húsum á Eyrinni var kolakjallari undir því og síðar kom olíukynding í húsin.

Skipagata lá meðfram suðurgaflí hússins fram á sjóunda áratug 20. aldar, þegar legu hennar var breytt.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Að grunninum til; danskt-íslenskt timburhús. Byggt hefur verið við húsið í gegnum tíðina, sem nú hafa verið aðlagðar að byggingarstíl hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu. Gatan nefnd eftir smiðjunni sem stóð við hlið hússins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, þó að allar breytingar hafi verið gerðar í sama stíl og á forsendum hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

Varðveislugildi:	Hátt	Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólblárlitur á korti	

Fyrsti eigandi: Jónas Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk
Útveggir:	Bárujárn	Ál
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft; Portbyggt; Ris; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Portbyggt; Ris; Útitröppur; Kjallari

**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

1981	Sótt um að eingagra húsið og að loka hurð á bíslagi.	ekki vitað
1986	Sótt um að stækka húsið.	ekki vitað

**Saga:**

Í apríl 1915 heimilar byggingarnefndin Jónasi Sveinssyni að flytja hús sitt úr Króknum og á lóð smiðjunnar í Smiðjugötu. Þó með því skilyrði að húsið standi í línu við önnur hús í götunni og að á milli þess og næstu húsa séu alltaf 5 álnir.

Árið 1916 er húsið einlýft timburhús með risi og kjallara, klætt járni. Áfastur skúr fyrir eldhúsdyrum og útidyrum kjallara.

Ekki er vitað með vissu hvenær húsið var upphaflega byggt, en áætla má að það hafi verið um aldamótin 1900.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Einfalt timburhús klætt bárujárni með sveitsereinkennum.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús og dæmi um flutningshús. Stendur á þeim stað sem smiðjan stóð áður, sem gatan er nefnd eftir.

Umhverfisgildi: Hátt Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er nokkuð breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Ytra byrði hússins virðist hafa verið ágætlega viðhaldið.

**Varðveislugildi:** Hátt Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyrir einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblárlitur á korti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2021, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnni:	Timbur, bindingar	Núverandi
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Útitróppur; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1932	Sótt um að setja skýli/bíslag á tröppurnar, Smiðjugötumegin.
2006	Sótt um að breyta glugga í dyr á suðurgafli, auðvelda aðgengi í garð.

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað
ekki vitað

**Saga:**

Þann 3. ágúst 1923 sótti J.S. Edwald um heimild til að byggja nýtt hús á brunarústum eldra húss að Smiðjugötu 5 og var það heimilað með því skilyrði að húsið yrði allt járnvarið og gætt að öllum brunavörnum. Með umsókninni fylgdi uppráttur af húsinu.

Húsið átti eftir að tengjast mörgum Ísfirðingum sterkum böndum, því þar bjuggu lengi Ragnar H. Ragnar skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar og Sigríður J. Ragnar kona hans. Í húsinu var tónlistarskólinn til húsa til að byrja með og löngum haldnar þar samæfingar.

Ragnar H. Ragnar 1898-1987, flutti til Ísafjarðar árið 1948 og stofnaði tónlistarskóla sem hann starfrækti m.a. húsinu.

Húsið er einlyft timburhús með portbyggðu risi, kjallara og áfastri útbyggingu. Það er klætt bárujárn og árið 1932 var byggt skýli yfir innganginn frá Smiðjugötu.

Árið 2006 voru gerðar útgöngudyr út í garð á suðurgafli hússins.

Um 2018-2019 hófust miklar endurbætur á húsinu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Bárujárnssveitser. Innflutt frá Noregi, svokallað katalogshús.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu. Tónlistarskóli Ísafjarðar var lengi starfandi í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð. - þó hefur inngangi frá Smiðjugötu verið lokað, sem kemur einkennilega út, þar sem tröppurnar eru enn til staðar
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt

Verndarflokkar: Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Eggert Jochumsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Um 1940-50, mynd: NN í eigu Ralf Trylla.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Núverandi
Útveggir:	Timbur	Ál
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Timburspónn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris / Kjallari	Tvílyft; Viðbygging

**Saga:**

Í gjörðabók byggingarnefndar 2. júní 1875 er Eggert Jokumssyni úthlutuð lóð undir hús út frá smiðju Kristjáns Arngrímssonar og var lóðin 16x30 álnir.

Í virðingu frá 1878 er húsið sagt úr tré, 8x8x8,5 álnir og standi austanvert við torgið.

Árið 1916 er húsið enn einlyft timburhús með risi og kjallara, klætt borðum og þakspón. Áfastur skúr við inngangsdyr og norðurgafi. Á lóðinni er einnig geymslukofi fram til ársins 1924.

Byggt ofan á húsið á árunum 1957 og það mýrhúðað.

Húsið er í raun tvö hús, nr 6 og 6a.

Árið 1979 var gluggum hússins breytt, það augnstungið og klætt áklæðningu.

Teikningar frá árinu 1989 sýna húsið með núverandi "gervi" gluggahlerum.

**Núverandi****Helstu breytingar:**

1879	Byggður skúr við norðurgafi hússin og býslag á austurhlíð.	ekki vitað
1928	Sótt um að breikka skúr við austurgafi og setja á hann glugga.	ekki vitað
1933	Sótt um að stækka skúr við norðurgafi hússins.	ekki vitað
1945	Samþykkt að byggja við skúr norðan við húsið.	ekki vitað
1957	Huíð hækkað og breytt í núverandi gerð.	ekki vitað

**Hönnuðir breytinga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Upphaflega einfalt timburhús með risi, húsið var klætt timbri og með timburspón á þaki. Síðari tíma breytingar fara húsinu illa.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu. Breytingarnar sem gerðar hafa verið á því draga úr gildi þess.
Umhverfisgildi:	Lágt	Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu. Breytingarnar sem hafa verið gerðar á því draga mikið úr gildi þess.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt frá upprunalegri gerð s.s. viðbyggingar, stækkan og hækkan, sett liggjandi klæðning og húsið augnstungið, "gervi" gluggahlerar fara húsinu illa.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:****Lágt**

Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðramynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

**Verndarflokkar:**

Friðuð hús - fjórlublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Guðmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: ekki vitað

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Árið 2020, mynd: BB.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Núverandi
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Kjallari	Tvílyft; Viðbygging; Kjallari

**Helstu breytingar:**

1973	Byggt við húsið til norðurs, með brunagafl að húsi nr. 9.
------	--

**Hönnuðir breytinga:**

ekki vitað

**Saga:**

Byggingarár er 1904 en í apríl það ár er Þorsteini skraddara Guðmundssyni heimilt að setja hús á lóð sem hann ætlar að kaupa og tilheyrið áður Bjarna Vigfússyni. Það er þó skilyrði að húsið komu þétt að torggötunni eða í beinni línu við hús Magnúsar Örnólfssonar.

Í virðingu frá 1905 er húsið sagt tvílyft timburhús af trébinding 11x12 álnir, ætlað til íbúðar. Húsið er klætt með borðum, pappa og járni og gildi sama um þakið. Steyptur kjallari er undir öllu húsinu.

Árið 1973 var húsið lengt til norðurs með brunagafl að lóð nr. 9.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Einfalt timburhús á tveimur hæðum, klætt bárujárni, með sveitsereinkennum.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hátt Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrringu timburhúsa sem standa á svæðinu.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð, þó byggt hafi verið við það í sama stíl árið 1973.

Tæknilegt ástand: Hátt Ytra byrði hússins virðist hafa verið haldið vel við.

**Varðveislugildi:** Hátt Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tilheyri einnig eldra byggðamynstri á svæðinu sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblárlitur á korti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð / Segulsauðverkstæði

Núverandi notkun: Íbúð



Árið 2006. mynd: Áslaug Jensdóttir.



Árið 2020, mynd: BB.

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefnini:	Timbur, bindingar	Núverandi
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Rennisúð	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris / Kjallari	Einlyft; Ris; Viðbygging; Kjallari

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Í manntali 1901 er húsið kallað Árna Sig hús en þá bjó þar Árni Sigurðsson sem árið 1914 er sagður póstur. Árið 1917 er húsið sagt einlyft timburhús með risi og kjallara, klætt bárujárn. Áfastur skúr við norðurgafi og húsinu tilheyrir skúr við hús nr. 5 sem notaður er sem segulsauðverkstæði. Í þessari virðingu frá 1917 er eigandinn sagður Árni Sigurðsson fiskmatsmaður en hafði áður verið í eigu Rósamundu Friðriksdóttur. Húsið einlyft með háu risi og kjallara. Það er byggt áfast við hús Júlíónu Bjarnadóttur. Hennar hluti er virtur 1916 og þá lýst á sama veg. Fyrri eigandi að hennar hluta var Bjarni Sigfusson.

Hafist var handa við byggingu 1. hæðar skúrbyggingu sunnan við timburhúsið um 1931, (sem síðar varð 8a.) framkvæmdir voru stöðvaðar 1932 og viðkomandi uppálagt að sækja um leyfi fyrir byggingunni og hafa brunagafi upp að húsi nr. 6. Húsnæði skúrsins var dæmt óibúðarhæft árið 1989, vegna leka. Endurbætur fóru fram ári síðar. Er þá forskalað timburhús. Árið 2000 er sótt um að sameina 8 og 8a í eina eign.

Frekari upplýsingar um byggingarnar er ekki að finna í skjölum byggingafulltrúa Ísafjarðar, en gluggar hafa nýlega verið endurnýjaðir í húsinu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt timburhús, klætt bárujárn. Byggt hefur verið beggja vegna við það og kvistur settur á þakið.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, hluti af elstu timburhúsabyggð á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Er hluti af upphaflegri götumynd og byggðamynstri svæðisins og hluti af þyrpingu timburhúsa sem standa á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur verið breytt nokkuð frá upprunalegri gerð og byggt við það. Nýlega hefur gluggum verið breytt og þeir gerðir minni en áður.
